

Brímfaxi

Er hægt að lifa af strandveiðum?

kostnaður og tekjur

bls: 8

Heimsókn að Hrauni á Skaga

og farið í róður á Sæfara HU

bls: 40



Frakkland

Veiðimannasamfélagin við Miðjarðarhafið

bls: 28



Vísindi eða villuljós?

Úttekt á aflaráðgjöf

Hafrannsóknastofnunar í grásleppu

bls: 28

Tímarit landsambands smábátæigenda 1. tbl. 2014



VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



Heimilið
Líf- og heilsa
Bíllinn
Reksturinn

Einu sinni höfðu allir hlutir verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. Skoðuðu þitt dæmi með reiknivél Varðar á vordur.is

VIÐ VIJLUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 vörður



Efnisyfirlit

Frá ritstjóra.	4
Leiðari, Örn Pálsson	6
Er hægt að lifa af strandveiðum?	8
Vangaveltur vegna Hafró.	18
1,3 milljarðar tonna af matvælum fara til spillis á ári	22
Togararallið.	24
Vísindi eða villuljós?	28
Grásleppukarl frá Vopnafirði	38
„Út við ysta hafið þitt, aldrei kyrrðin dvínar“.	40
Fórnarlömb sjálfbærrar þróunar	50
Hnykkt á innihaldi siðareglna Gildis	52
Frakkland.	56
Artysanal@ smábátamerkið – komið til að vera	62
Flokkun þorsks	64
Minning.	65

Útgefandi: Landssamband smábátaeigenda. **Formaður:** Halldór Ármannsson. **Framkvæmdastjóri:** Örn Pálsson. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Halldór Ármannsson, Arthur Bogason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Vocal ehf. Sími 866-3855 Netfang brim@talnet.is **Forsíðumyndina** tók Arthur Bogason af Steini Rögnvaldssyni og Merete Rabölle. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1400 eintök.



Frá ritstjóra

Síðla árs 1986 settust ég og Haraldur Jóhannsson, fyrsti varaformaður LS yfir þá hugmynd að gefa út félagsblað smábátaeigenda. Ekki skorti umfjöllunarefnin, en hitt stóð í okkur, að skíra krógann. Eftir margra daga heilabrot varð til nafnið Brimfaxi, sem var, að því ég best veit, nýyrði í tungunni.

Fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós í desember 1986. Útgáfan var stopul til að byrja með og kom Brimfaxi aðeins fjórum sinnum út fyrstu ellefu árin.

Frá og með árinu 1997 hefur blaðið hinsvegar verið gefið út tvisvar á ári, með einni undantekningu, alls 37 tölublöð, samtals hátt í 1800 bls.

Síðastliðið haust, þegar ég ákvað að hætta sem formaður LS lét ég í ljós þá ósk að taka við útgáfunni á þessum gamla vini mínum. Við því var orðið og nú reynir á hvort lesendum hugnast breytingin.

Útlit blaðsins er nýtt og þótt efnistöð tímarita á borð við Brimfaxes séu háð ákveðnum takmörkunum er ætlun mín að virkja þennan vettvang í senn á sem breiðustum grundvelli varðandi baráttumál smábátaeigenda ásamt því að lesendur hafi af lestrinum gagn og gaman.

Hvað hið fyrrnefnda varðar vil ég benda á að í þessu tölublaði hefst greinarflokkur undir yfir-

skriftinni „Togaraallið – Vísindi eða Villuljós“? Í þessum greinum verður fjallað um stofnstærðamælingar úr togaraallinu og málefni einstakra fisktegunda með tvennt til hliðsjónar. Annarsvegar þær rannsóknir og gögn sem fáanleg eru og hinsvegar sjónarmið fiskimanna.

Þeir síðarnefndu hafa rækilega komið því til skila undanfarna áratugi að þeir séu ósáttir við togaraallið og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Stofnunin hefur á sama hátt kvartað undan skilningsleysi á verkefninu. Spurningin er hvort þessir aðilar geti ekki átt um þetta betri samskipti með meira trausti á báða bóga.

Þessi fyrsta grein ber undirfyrirsögnina „Grásleppan“. Á stuttum tíma hafa þessar mikilvægu sérveiðar smábátaeigenda heldur betur komist í hann krappann.

Grásleppukarlar hafa tekist á við ótrúlegar afkomusveiflur frá því atvinnuveiðar hófust fyrir um 65 árum, en sjaldnast sem nú. Allt virðist verða þeim að tjóni þessi misserin. Samdráttur á kaviármarkaði, hríðlækkandi verð þrátt fyrir samdrátt í heildarveiði í heiminum, stórsókn Grænlandinga í veiðunum, umhverfis-samtök með sínar smekklegu hótanir og nú síðast ráðgjöf frá Hafrannsóknastofnun, sem til skamms tíma sagði í sínum skýrslum að fyrir-komulagið sem ríkt hefur lítið breytt til áratuga hefði beinlínis reynst ágætlega. Ofan í allt þetta bætist að veiðarnar eru stundaðar að hluta til að vetri og eru að mestu hættar þegar sumarið er gengið í garð.

Það segir sig því sjálft að hrognkelsarannsóknir og aflaráðgjöf þurfa að vera þannig úr garði gerð að þær séu trúverðugar í augum veiðimanna – þeirra sem eiga mest undir því að stofninn sé stór og heilbrigður.


Það er von mín og ósk að þessi umfjöllun hreyfi þessum málum til betri vegar fyrir grásleppukarla. Varla getur það versnað mikið úr þessu.

Arthur Bogason - ritstjóri

Dýptarmælar

FCV-587

Gæða dýptarmælir fyrir minni báta. 8,4" sérlega bjartur LCD 256 lita skjár. Sendiorkan er 600W/1kW 50 og 200kHz. Stærðargreining og botngreining. Nýr truflanadeyfir sem gerir það að verkum að mælirinn sýnir lóðningar nær botnstykkinu en áður.



FCV-627

Gæða dýptarmælir fyrir minni báta. 5,6" sérlega bjartur LCD 256 lita skjár. Sendiorkan er 600W 50 og 200kHz. Stærðargreining og botngreining.. Nýr truflanadeyfir sem gerir það að verkum að mælirinn sýnir lóðningar nær botnstykkinu en áður.



LS-6100

300W dýptarmælir, 6" LCD skjár sem gefur endurvarp í 4 gráum tónum. 50 og 200kHz Skvettuvarinn. Afar hagstætt verð.



NavNet DFF1/DFF3

Dýptarmælaeiningar fyrir NavNet 3D eru tvær. DFF1 er 600W eða 1kW 50 og 200kHz. DFF3 er 1,2 eða 3 kW, 22 - 220kHz (frjálssar tíðnir) Báðar einingarnar eru ethernet tengdar við NavNet 3D skjáinn eða "black box" eininguna.



Leiðari

Landssamband smábátæigenda gengur þessa mánuðina í gegnum miklar breytingar. Lög um greiðslumiðlun féllu úr gildi um áramót, sem varð til þess að þróað innheimtukerfi við lífeyrissjóð, tryggingar og félagsgjöld lagðist af. LS brást við þessu með því að blása til sóknar og hefur undanfarna mánuði haft beint samband við félagsmenn og boðið upp á tvenns konar greiðslukerfi félagsgjalda. Annars vegar með sama hætti og verið hefur þar sem fiskkaupandi heldur hálfu prósentu af aflaverðmæti eftir við uppgjör og greiðir til LS. Hins vegar að félagsmaður greiði með beinum hætti til félagsins.

Greiðsla tryggingaiðgjalds með sama hætti og áður hefur einnig verið vinsælt val hjá félagsmönnum.

Samræður við félagsmenn við þessar umbreytingar hafa gefið mér þau skilaboð að LS er á réttri leið gegnum umbreytingarferlið. Mikill hugur er í félagsmönnum, ánægja með landssambandið og áherslur þess í að sækja fram til aukinna veiðiréttinda.

Í hönd fer makrílvertíð og eru miklar vonir bundnar við hana. Upphafsviðheimildir verða helmingi meiri en í fyrra, fara úr 3200 tonnum í 6000. Veiðikerfið verður óbreytt. Markaðsmálin eru á nokkuð góðu róli og ríkir bjartsýni í þeim herbúðum. Kaupendur eru búnir að kynna handfæraveiddum makríl og ber ekki á öðru en þeim hafi líkað vel.

Grásleppuvertíðin er langt komin. Verðin eru stöðug en í lægri kantinum. Grænendingar veiddu á síðustu vertíð langt fram úr áætlunum sem varð til þess að ekki hefur tekist að hækka verð svo viðunandi sé.

Nú bendir allt til þess að það dragi úr heimsframboði á grásleppuhrognum og jafnvægi myndist milli framboðs og eftirspurnar.

Grásleppukarlar eru að vonum óánægðir með mikla verðlækkun og komið með úmsar ábendingar um hvernig LS eigi að bregðast við. Auk þess sem gert hefur verið að mynda öflug tengsl við aðrar veiðipjóðir víkja þeir að solumálum hér á landi. Skilaboð þeirra eru að landssambandið eigi að koma að solumálum eða miðlun hroga og grásleppu sem ekki fer á markað. Öruggt má telja að það verði rætt innan stjórnar LS.

Síldveiðar smábáta eru komnar til að vera. Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nú fyrr í mánuðinum tryggja 800 tonn til smábáta. Ekkert samráð var haft við LS enda hefði félagið aldrei samþykkt það. Tryggja verður mun meira magn til síldveiða smábáta heldur en einn farm hjá Álsey VE svo dæmi sé tekið. Á fimmta tug smábáta hafa stundað þessar veiðar þrátt fyrir mikinn mótbyr. Atvinnuveganefnd ákvað að auka enn á slíkt með að festa magnið við 800 tonn og hækka gjald fyrir síldina um 23%. Sannarlega kallar kveðjur til síldveiðimanna á Breiðafirði.

Strandveiðar eru nú á sínu sjötta ári og ganga vel. Vonbrigði voru að sjávarútvegsráðherra hafi ekki tryggt lagabreytingu nú í vor um að afli í kerfið yrði aukinn á yfirstandandi vertíð. Sannarlega sanngjörn krafa hjá LS þar sem viðmiðun í þorski hefur verið óbreytt þrátt fyrir að leyfilegur þorskafli hafi aukist úr 170 þús. tonnum í 215 þús. tonn.

Línuviltun fyrir alla dagróðrabáta fékk heldur ekki nægjanlegan styrk til að verða að veruleika.

Þessir þættir í veiðirétti trillukarla ásamt því að byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum eru forgangsmál hjá LS.

Landssambandið hefur að undanfögnu verið að þreifa fyrir sér varðandi lækkanir kostnaðar fyrir félagsmenn. Samningur við Viking hefur tryggt þeim tugapúsunda afslátt af björgunargalla. Þá hefur samningur við Bílanaust um afslátt af rafgeymum komið fjölmörgum til góða. Tryggingasamningur við Vörð hefur einnig leitt til lækkun kostnaðar. Í skoðun eru fleiri þættir enda næg tækifæri, en vanda verður til verka.

Ég hvet trillukarla til áframhaldandi samstöðu og láta ekkert tækifæri ónotað til að tala fyrir enn öflugri smábátaútgerð á Íslandi.

Óska öllum smábátæigendum, fjölskyldum þeirra og velunnurum gleðilegs sjómanna dags

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins



Ásafl ehf.
Baader Ísland ehf.
Dalvíkurbyggð- Hafnarsjóður
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf.
Fiskmarkaður Suðurnesja hf.
Fiskvinnslan Íslandssaga hf.
Frostfiskur ehf.
Gúmmibátaþjónusta Norðurlands
Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf.

Hafnarsjóður Þorlákshafnar
Hafnir Fjallabyggð
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Raftíðni ehf.
Reykjaneshöfn
Seyðisfjarðarhöfn
Síldarvinnslan hf.
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Sjómann-og vélstjórafélag Grindavíkur

Sjónvélar ehf.
Stykkishólmur
Tálknafjarðarhöfn
Vestmannaeyjahöfn
Vélsmiðja Orms-og Víglundar ehf.
Vopnafjarðarhreppur
Þrymur hf.



Eru væntingar manna raunhæfar varðandi strandveiðarnar?

Er hægt að lifa af strandveiðum?

Strandveiðikerfið var innleitt á þeim forsendum að auka sátt um sjávarútveginn og skapa nýliðun

Það var árið 2009 sem þáverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur J. Sigfússon stóð fyrir því að strandveiðar voru settar í lög. Fyrst um sinn var um að ræða bráðabirgðaákvæði, en það féll síðan í skaut Jóns Bjarnasonar, sem tók við af Steingrími í sjávarútvegsráðuneytinu, að þrjúna strandveiðarnar inn í lagabálkinn um stjórn fiskveiða.

Í þessari umfjöllun verður vikið sem minnst að ágæti kerfisins. Landsamband smábátaeigenda hefur mjög skýra stefnu varðandi strandveiðarnar. Þær eigi að vera óháðar heildarpottum og utan hlutdeildarkerfisins,

leyfðar fjóra daga í viku á núverandi tímabili en að öðru leyti lítið breyttar. Af einhverjum ástæðum hafa stjórnvöld ekki orðið við þessum hógværu kröfum. Vonandi hreyfir þetta greinarkorn ögn við á þeim bæjum.

Hér verður farið yfir þann kostnað sem menn standa frammi fyrir, ætli þeir sér að gera út á strandveiðileyfi. Það er enginn vafi á því að margir eru áhugasamir um að skoða þennan möguleika sem atvinnutækifæri, en þeir eru talsvert færri sem gera sér grein fyrir því hvað herlegheitin kosta. Í lokin er síðan tekið dæmi af aflaverðmæti og dæmið gert upp í heild.

Fimm ára reynsla komin á kerfið

Sumarið 2014 er sjötta sumarið sem strandveiðar eru stundaðar. Þau fimm ár sem liðin eru hljóta að teljast nokkuð góður mælikvarði á þær væntingar sem strandveiðimenn geta gert

til þessa veiðileyfis, að óbreyttu laga- og regluverki. Í því sambandi er nærtækast að líta til

þess fjölda sem hefur aflað sér strandveiðileyfis og þess árangurs sem þeir hafa náð.

Tafla 1

	2009	2010	2011	2012	2013	Meðaltal '09-13
Fjöldi báta	554	741	685	759	674	683
Fjöldi róðra	7.313	10.579	15.484	16.141	16.928	13.289
Meðalfj. róðra á bát	13	14	23	21	25	19
Heildarafli tonn	4.028	6.363	8.544	8.749	8.692	7.275
Meðalafli í róðri kg	551	602	552	542	514	548
Meðalafli á bát kg	7.163	8.428	12.696	11.382	12.850	10.412

Stjórnvöld óttuðust fátt meir árið 2009 en að fjöldi strandveiðileyfa myndi snarlega verða óviðráðanlegur. Sú hefur ekki orðið raunin. Þvert á móti var fjöldi strandveiðileyfa árið 2013 um 2% undir meðaltalinu frá árinu 2009 og frá árinu 2012 fækkaði bátunum um 85, eða rúm 11%.

Meðalafli í róðri árið 2013 var sá lægsti frá 2009 en á móti var meðalafli á bát sá mesti frá byrjun. Ástæðan er væntanlega sú að hópurinn er að verða „harðskeyttari“, kjarninn að verða stærri af mönnum sem vita að hverju þeir ganga.

Árið 2009 töldu margir að ný gullæð væri fundin með strandveiðileyfinu. Þess voru mörg dæmi að menn reiknuðu sig í mikla velmegun með því að leggja saman fjölda leyfilegra róðrardaga í viku, margfaldaðan með sumarmánuðunum fjórum, leyfilegum heildarafli á dag og hæsta fiskverði sem fyrirfannst á uppboðsmörkuðunum.

Það vildi gleymast að veður eru ekki alltaf blíð þó samkvæmt almanaki sé sumar og hvert svæði njörvað við heildarpotta. Hið síðarnefnda hefur í reynd þýtt að á gjöfulasta svæðinu hefur leyfilegur róðrarfjöldi farið niður í 3-4 daga yfir mánuðinn. Menn þurfa ekki að vera mjög óstöðugir til að ærast af slíku tilefni.

Að loknum útreikningum tók raunveruleikinn við. Hann sýndi það sem vanir menn vissu: það er ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið. Hand-

færaveiðar geta verið snúinn veiðiskapur og á alls ekki við alla.

Árið 2013 var meðalafli á bát 12,85 tonn. Meðalverð á uppboðsmarkaði fyrir handfæra-veiddan þorsk á tímabilinu 1. maí -31. ágúst 2013 var rúmar 250 kr, en þorskurinn var og er sú tegund sem handfærin veiða langmest. Sé gert ráð fyrir að allur aflinn hafi verið þorskur (sem var stundum raunin) á framangreindu meðalverði, var aflaverðmætið um 3,2 milljónir króna. Innkoman að meðaltali 800 þúsund á mánuði, sem flestum þykir ekki slæm afkoma. Þetta segir þó ekki nema hluta sögunnar og augljóslega stendur þessi meðaltalsinnkoma engan veginn undir sómasamlegu heilsársstarfi.

Meðalfjöldi róðra á ári frá upphafi strandveiðanna er 19 á bát. Meðalafllinn í þeim tæplega 66.500 róðrum sem farnir hafa verið er um 550 kg og árlegur meðalskammtur á bát á ári því um 10,4 tonn. Sá meðalskammtur gefur, miðað við þorskverðið framangreinda, 2,6 milljónir króna. Margir bátar eru þó ekki með eingöngu þorsk í veiðinni og því heldur lægra meðalverð en 250 kr.

Óhætt er að ganga út frá því að aflatölur munu ekki taka miklum breytingum að óbreyttum lögum og margir vanir handfæramenn hafa og bent á að þó að pottarnir yrðu afnumdir myndi lítið sem ekkert breytast, sé núverandi þaki á dagsaflanum haldið við. Í dag er hann 650 kg í þorskígildum talið af kvótabundnum tegundum, eða 774 kg af óslægðum þorski.

Útgjöldin meiri en flesta grunar

Kostnaðarliðirnir eru fleiri en margan grunar. Fyrir daga kvótakerfisins var málið öllu einfaldara: maður keypti bát, útti honum úr vör og reyndi eftir bestu getu að afla fanga. Kröfur um ástand, útbúnað og öryggi voru hverfandi og menn gerðu flestir hverjir afskaplega hógværar kröfur um eigin aðbúnað. Þetta er liðin tíð sem mun aldrei koma til baka.

Í dag eru gerðar miklar kröfur um ástand báts, vélar, tækja- og öryggisbúnaðar. Það er ekki að ástæðulausu sem íslenski smábátaflotinn er í dag með lægstu slysatíðni sem vitað er um.

Bland af rauntölum og meðaltölum

Hér verður rakið raunverulegt dæmi um kostnað úr bókhaldi ósköp venjulegs rúmlega 20 ára gamals báts sem hefur frá byrjun strandveiðikerfisins gengið árlega í gegnum hið hefðbundna ferli til að öðlast veiðileyfið. Þessi bátur er í minni kantinum, rétt innan við 8 metrar og hæggengur, losar 9 mílur í sléttu. Stærð bátsins og gangur takmarka sannarlega möguleikana í samkeppnisfyrirkomulagi eins og strandveiðikerfið er. Ástand hans er gott og stenst án vandræða lögbundnar skoðanir.

Við kostnaðartölur eru síðan hnýttar tölur um tekjur samkvæmt framangreindum meðaltölum – ásamt þeim kostnaði sem fylgir því að landa og selja fisk.

Áður en lengra er haldið er rétt að víkja að því hvað strandveiðibátar kosta um þessar mundir. Verðið á þeim hefur lækkað undanfarið sem er trúlega merki um að meira raunsæi ráði för varðandi strandveiðarnar. Þá hefur framboð á smábátum aukist eftir að leyfileg stærðarmörk í krókaflamarkinu voru aukin.

Verðið er vissulega nokkuð mismunandi, en því má samt skipta í tvo nokkuð afmarkaða flokka. Annars vegar eru það hæggengir eldri bátar og hins vegar nýrri og hraðskreiðari bátar.

Verðið á þeim fyrrnefndu er gjarnan á bilinu 4-8 milljónir, meðan síðarnefndi flokkurinn tekur þar við og upp í 16 milljónir. Undantekningar eru til í báðar áttir og ekki skal tínt til verð á nýsmíði sem er talsvert hærra.

Tryggingarmat bátsins sem hér er til skoðunar er kr. 5,5 milljónir.

Úr bókhaldi 2013

Tafla 2 er yfir þá gjaldaliði sem engin leið er að koma sér undan til að fá strandveiðileyfi.

Tafla 2

Skýring	Upphæð án VSK	VSK	Samtals
Báta- og slysatrygging (1 maður)	101.150		
Aðalskoðun	35.000	8.925	43.925
Strandveiðileyfi	22.000		
Sérgjald v. strandveiðileyfis	50.000		
Skipagjald/vitagjald/árgjald v/tilkynningaskyldu	25.640		
Lyfjakista, skoðun	4.750	1.211	5.961
Björgunarbátur og fylgihlutir, skoðun	60.000	14.700	74.700
Haffærisskírteini	5.200		
VHF talstöð	4.100		
Slökkvitæki	4.000		
Rafræn lögskráning	3.000		
Samtals	314.840	24.836	339.676

tm.is/sjavarutvegur



Sjómenn, til hamingju!

Saga TM er samofin sögu sjávarútvegs á Íslandi. Við erum stolt af því að hafa komið að uppbyggingu og viðhaldi öflugrar útgerðar við Ísland frá stofnun fyrirtækisins.

Til hamingju með daginn sjómenn, njótið hans.

Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is tm.is



Nokkrir ofangreindra gjaldaliða bera virðis- aukaskatt, en sé útskatturinn (þ.e. af fiskisölu 7%) lægri en innskatturinn fá útgerðaraðilar mismuninn endurgreiddan.

Ýmislegt getur bæst við ofantalið. Þannig eru menn skyldugir að fara á námskeið í slysavörnum (endurnújað á 5 ára fresti) og hafi menn ekki skipstjórnaréttindi þarf að afla þeirra (réttindi til að stýra skipi 12 metrar og styttri að skráningarlengd og hafa lokið 12 mánaða siglingartíma).

Hvort tveggja hleypur á talsverðum upphæðum, slysavarnanámskeið kostar um () og um () kostar að ná sér í þau lágmarksréttindi sem þarf til að stýra smábát. Að auki er búið að lögleiða björgunarflotgalla í alla fiskibáta, en slíkur

búnaður getur leikið á bilinu 50-100 þúsund krónur.

Munurinn á því að eiga bát og bíl er sá að enn má finna stæði fyrir bílinn sem ekki þarf að greiða sérstaklega fyrir en því er ekki til að dreifa með bátinn. Margir bátseigendur kjósa að láta fljóta allt árið, þó aðeins sé róíð hluta þess. Það er algeng skoðun meðal bátseigenda að það fari betur með bát og kalli að auki frekar eftir því að honum sé sinnt sem skyldi.

Báturinn í þessu dæmi flýtur allt árið og legugjöldin við flotbryggjufingurinn var á árinu 2013 kr. 173.492,- með VSK. Flestir þurfa á einhverju landrafmagni að halda (viðgerðir, hleðsla, kynding að vetri o.fl.) og rafmagnið er í dýrari kantinum. Kílóvattstundin í þessu tilfelli kostaði árið 2013 kr. 14,50 án VSK.

Tafla 3

Skýring	Upphæð án VSK	VSK	Samtals
Legugjöld við flotbryggju, 12 mánuðir	138.240	35.252	173.492
Rafmagn á flotbryggju	16.922	4.315	21.237
Samtals	155.162	39.567	194.729

Tafla 4 tekur til þeirra útgjalda sem er hvað erfiðast að gera áætlanir um. Allskyns kostnaður eins og hreinsiefni, viðgerðir og endurnújun hluta á einum eða öðrum tímapunkti getur verið mjög misjafn útgjaldaliður frá ári til

árs. Ekki þarf stórvægilega bilun í vélbúnaði eða tæki til að hundruðir þúsunda liggi í valnum. Í töflunni eru að auki veiðarfæri, sem erfitt er að koma sér hjá að fjárfesta í.

Tafla 4

Skýring	Upphæð án VSK	VSK	Samtals
Hreinsiefni	2.773	707	3.480
Nipplar / miðstöð	2.897	739	3.636
Flotrofi og 2stk. höfuðrofar	13.034	3.324	16.358
Þétti- og einangrunarband	305	104	409
Viftureimar, 6 stk.	12.807	3.266	16.073
Veiðarfæri, handfærakrókar og girni	22.430	5.723	28.153
Veiðarfæri, sökkur og segulnaglar	10.126	2.582	12.708
Frostlögur	2.203	562	2.765
Loftnet f. talstöð	29.171	7.439	36.610



Gleðilegan sjómanna dag

Framlag sjómanna og íslenskur sjávarútvegur skiptir okkur miklu máli. Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra um land allt til hamingju með daginn.



Rafgeymir, 12v 95Ah	30.996	7.904	38.900
Fata og ísskófla	3.290	839	4.129
Gúmmímotta og sikaflex	7.952	2.028	9.980
Viðgerð, alternator og ýmislegt smáefni	75.930	19.362	95.292
Samtals	213.914	54.579	268.493

Fisksala og tengdur kostnaður

Þá er komið að því sem flestum finnst öllu meira spennandi að tala um, tekjurnar. Eins og áður hefur fram komið er báturinn gerður að

„meðaltalsbát“ hvað þær varðar. Í 19 róðrum veiddi hann 10,4 tonn og landaði á fiskmarkaði. Meðalverðið var kr. 242,- án VSK.

Tafla 5

	VSK		VSK	
Sala á fiski (10,4 tonn)	2.515.184	176.077		
Aflagjald 1,27%			33.648	8.142
Sölu- og móttökugjald			99.665	25.428
Ís / löndun			53.116	13.389
Veiðigjald (auðlindagjald)			89.223	
Gjald v. ólöglegs afla (meðaltal)			16.320	
Samtals	2.515.184	176.077	291.722	46.959

Því fylgir talsverður kostnaður að landa á uppboðsmörkuðunum, en verðin eru yfirleitt mun hærri en í beinum viðskiptum við fiskkaupendur. Þá tekur ríkið sitt í formi veiðigjalda og veruleg hækkun á þeim frá síðasta ári er staðreynd. Í töflunni er einnig sett smá upphæð

vegna „ólöglegs afla“, en fyrir kemur að farið er yfir hinn leyfilega skammt og ríkið er ekki seint á sér að senda mönnum rúkkun fyrir því sem fram af stendur. Í þessu dæmi er kostnaðurinn 11,6% af heildaraflaverðmæti.

Tafla 6

Fisksala	VSK	Fisksala með VSK (útskattur)	Allur kostnaður	VSK (innskattur)	Kostnaður með VSK	Mismunur „hreinar tekjur“	Mismunur á VSK
2.515.184	176.077	2.691.261	975.888	165.941	1.141.504	1.539.296	10.136

Þar með liggur dæmið fyrir. Mismunurinn á tekjunum og kostnaði er rúmlega 1,5 milljónir króna fyrir 4 mánaða vinnu sem gera 385 þúsund krónur á mánuði.

Það er hægt að leika sér með þessar tölur í allar áttir. Í dæminu hér að framan er ekki gert ráð

fyrir neinu meiriháttar áfalli eins og vélarupptekt eða einhverju sambærilegu. Þá er meðaltalið, 10,4 tonn áreiðanlega ekki talan sem menn ganga út frá þegar þeir reikna vertíðina fyrirfram. Því er ekki úr vegi að skoða töflu yfir fjölda báta eftir aflabrögðum á árinu 2013.

Eldsneytisnotkun:



45 lítrar
100 km



78 lítrar
100 km



575 lítrar
100 km

Tonn af þorski veidd
við Íslandsstrendur
árið 2013:



236.332

Til hamingju með daginn

Við hjá N1 sendum hetjum hafsins og fjölskyldum þeirra um allt land okkar bestu kveðjur á sjómannadaginn.

Daglega sinnir N1 að meðaltali

6 dælingum

á skip og togara.



Skipaþjónusta N1 býður upp á fjórar eldsneytistegundir:

- Gasolíu
- Flotaolíu
- MD olíu
- Svartolíu



Hvernig olíu
notar þitt skip?

Við erum hluti af sjómennskunni



Tafla 7

Afli	Fjöldi báta	Aflaverðmæti m.v. kr. 242 meðalverð
Minna en 5 tonn	99	0 – 1.210.000
5-10 tonn	162	1.210.000 – 2.420.000
10-15 tonn	175	2.420.000 – 3.630.000
15-20 tonn	125	3.630.000 – 4.840.000
20-25 tonn	70	4.840.000 – 6.050.000
25-30 tonn	29	6.050.000 – 7.260.000
30-35 tonn	9	7.260.000 – 8.470.000
35-40 tonn	4	8.470.000 – 9.680.000
40-45 tonn	1	9.680.000- 10.890.000



Þessar tölur segja margt. Fyrir það fyrsta eru mjög skörp skil á milli flokkanna frá 20 tonnum og uppúr og hvað þá frá 25 tonnum. Í síðar-nefnda flokknum eru einungis 43 bátar, eða 6,4%. Flokkarnir frá 20 tonnum og niður úr telja hins vegar 561 bát, hvorki meira né minna en 83% fjöldans.

Þá er þróun fiskverðs frá síðasta ári óhagstæð svo nemur jafnvel tugum króna.

Að óbreyttu laga- og regluverki er augljóst að það verður aldrei nema lítill hópur sem getur gert strandveiðarnar að lifibrauði á ársgrundvelli. Það er svo allt annað mál hvort menn geti notað þær til stuðnings við aðrar veiðar. Þess eru dæmi að menn hafa þrjónað saman grásleppuveiðar og strandveiðar með þokkalegum árangri. Ekki þarf að fjölyrða um ástandið í grásleppunni um þessar mundir, þannig að þar er því miður ekki á vísan að róa. Nýjasti veiðiskapur smábátaflotans er makrill, en veiðitími hans skarast illa við strandveiðitímabilið. Þess eru einnig dæmi að strand-

veiðarnar eru stuðningur við aðra atvinnu. Einn góður Vestfirðingur orðaði það svo að til þess að hafa efni á því að vera kennari yrði hann að róa yfir sumarið.

Strax við upphaf kvótakerfisins 1984 upphófust raddir meðal trillukarla sem sögðu að væri staða þorsstofnsins slök, hefði það ekkert með veiðar smábátaflotans að gera. Þar ætti hann enga sök og ætti því ekki að taka á sig þær „refsingar“ sem við blöstu með stórkostlegum niðurskurði veiðimöguleika.

Frá stofnun Landsambands smábátæigenda hefur félagið talað fyrir því að handfæraveiðar væru gefnar frjálssar. Eigi einhver veiðiskapur hefðarrétt við strendur landsins væru það handfæraveiðarnar. Þær kröfur sem LS hefur uppi enn í dag, 30 árum síðar, eru á sama veg.

Eins og að framan er getið krefst LS þess að „aflapottarnir“ verði afnumdir og leyft verði að róa 4 daga í viku yfir þá mánuði sem strandveiðileyfið nær í dag. Afla- og tímamörk haldist óbreytt ásamt fjölda færavinda. Þá verði mönnum gert kleift að segja sig frá strandveiðileyfinu um einhver af hinum þremur mánaðamótum innan tímabilsins. Þá verði strandveiðiaflinn reiknaður í lok hvers veiðitímabils og ekki dreginn frá þeim sem starfa innan hlutdeildarkerfanna.

Af dæminu og þeim tölulegu upplýsingum sem koma fram í þessum skrifum ætti stjórnvöldum að vera ljóst að þau þurfa varla að hafa miklar áhyggjur af því að verða við þessum kröfum LS.



BÁTADÆLUR SKELJUNGS

Þjónusta um land allt

Viðskiptakort Skeljungs virka á öllum bátadælum
Staðgreiðslu kort / - Lyklar og greiðslukort (Euro, Visa, Maestro og Electron)
virka á stjörnumerktum dælum (*)
Frekari upplýsingar fást hjá þjónustuveri í síma 444-3100

Vestfirðir

Bíldudalur Suðureyri*
Bolungarvík* Súðavík
Flateyri Tálknafjörður
Ísafjörður Þingeyri

Norðurland

Árskógsströnd Siglufjörður
Hofsós Ólafsfjörður
Húsavík Skagastönd*
Hvammstangi

Vesturland

Ólafsvík*
Rif*



Austurland

Seyðisfjörður
Eskifjörður
Djúpivogur

Suðurland

Grindavík* Reykjavíkurböfn Snarfari í Reykjavík*
Hafnarfjörður* Sandgerði* Vestmannaeyjar



Halldór Ármannsson formaður Landssambands smábátæigenda

Vangaveltur vegna Hafró

Það flýgur margt í gegnum hugann þessa dagana vegna þeirrar fréttar frá Hafrannsóknastofnun að horfur séu ekki nógu góðar varðandi þorsstofninn og útkomu hans í vorrallinu. Þar telja menn að veiði hafi ekki verið samkvæmt væntingum en gefa ekki út ástæðuna fyrir samdrættinum.

Ýsan er enn höfð á valista yfir fiska í útrýmingarhættu þrátt fyrir að hvergi sé hægt orðið að vera við veiðar nema að vera á flóttu undan úsumengun.

Þegar þetta er ritað er búið að veiða um 80% af bæði þorsk- og úsukvótanum og enn eftir um 4 mánuðir af fiskveiðiarinu. Þetta sýnir að mínu mati hversu varlega er farið í úthlutun á bolfiski á síðustu fiskveiðiarum. Þeim rannsóknartíma sem að eytt er í vor- og haustrall er í raun bara brot af þeim tíma sem að veiðar eru stundaðar yfir allt fiskveiðiárið.

Ef að þetta er borið saman við útgefinn loðnu- og síldarkvóta þá erum við að tala um hvítt og svart. Þar eru hafrannsóknarskipin keyrð á fullum krafti til að áætla kvóta fyrir komandi

vertíð og leitað er allan tímann meðan vertíð stendur yfir. Gefinn út byrjunar bráðabirgðakvóti og vonast til að meira finnist þegar líður á vertíðina.

Veiðar á síld fóru rólega af stað og reyndist erfitt að veiða hana miðað við undanfarin ár og endaði með því að ekki náðist að veiða upp í útgefinn síldarkvóta á fiskveiðiarinu sem var 81.300 tonn. Það veiddust 66.400 tonn og brunnu því inni um 14.900 tonn, eða um 20% af útgefnum síldarkvóta á þessu fiskveiðiári.

Sama var uppi á teningnum með loðnuna, treg veiði framan af vertíð og loðnan dreifðari en undanfarin ár. Útgefinn loðnukvóti á fiskveiðiarinu 127.500 tonn og veiðin varð 111.300 tonn. Þannig að ekki náðist heldur að veiða útgefinn heildarafla í loðnu og brunnu því inni um 16.200 tonn, eða tæp 13% heildaraflans á fiskveiðiarinu.

Þarna kemur fram hrópanði ósamræmi í útgefnum aflaheimildum í bolfiski og uppsjávarfiski. Menn hamast við að veiða og veiða og ná ekki útgefnum uppsjávarheimildum en í bolfiski eru aðrir að forðast að veiða of mikið og

An aerial photograph showing the white, frothy wake of a ship moving through the dark blue ocean. The wake is a long, narrow path of white water that tapers towards the horizon. The sky is a clear, pale blue with a few wispy clouds near the horizon.

SAMGÖNGUSTOFA ÓSKAR SJÓMÖNNUM TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á vefsíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa 




sérstaklega af ákveðnum tegundum. Ekki er um að kenna veðurfari í þessum samanburði því að ég veit ekki hvað væri búið að veiða af bolfiski ef að veðurfar í desember, janúar og febrúar væri búið að vera skaplegt. Það hefur nefnilega háttað þannig til að veðráttan hefur verið það slæm að elstu menn muna vart annað eins.

Það er því undrunarefni í þessum samanburði að útgefnar aflaheimildir í bolfiski skuli ekki vera meiri en raunin er og umhugsunarefni hvort að ekki sé eitthvað sem þurfi að skoða betur við stofnstærðarmælingar Hafrannsóknastofnunar og hvort þær mælingar gefi í raun rétta mynd af því ástandi sem fiskimenn upplifa á fiskimiðunum í kringum landið.

Það eitt að tekjur sem skapast í svokölluðum VS-afla, (en það er afli sem að skipstjóri getur ákveðið að komi ekki til frádráttar aflamarki bátsins ef heimildir eru litlar í einhverri tegund en þó aðeins 5% af heildaraflamarki hvers báts) leiðir hugann að því hvort menn séu vísvitandi að skapa sér tekjugrundvöll með því að skera niður aflaúthlutun í ýsu vegna niðurskurðar á fjárframlögum til Hafrannsóknastofnunar því að megnið af þeim tekjum sem koma til Verkefnasjóðsins eru eyrnamerktaðar þeirri stofnun.

Það verður því fróðlegt að sjá hvert úthlutað aflamark í þorski verður fyrir næsta ár því að 20% aflaregla sem tekin var upp árið 2007 átti að verða skilyrði þess að hér yrði farið að veiða 230-250 þúsund tonn af þorski 2014/2015. Ef þetta gengur ekki eftir þá bið ég æðri máttarvöld að hjálpa Hafrannsóknastofnun og ráðamönnum þessa lands sem gáfu leyfi til þess að skerða þær aflaheimildir og tekjur sem að íslenskt þjóðfélag hefur orðið af á öllum þessum árum.





ENNEHM / SIA / NM66156

> Í öruggum höndum alla leið

Hjá Samskipum fer saman sóknarhugur nýrrar kynslóðar og áratuga reynsla. Við bjóðum heildarlausnir á sviði flutninga og samhent starfslið leggur stolt sitt í að uppfylla væntingar kröfuharðra viðskiptavina með skjótri, áreiðanlegri þjónustu. Þinn farmur er í öruggum höndum.



1,3 milljarðar tonna af matvælum fara til spillis á ári!

Á sama tíma og talið er að um 870 milljónir manna svelti á jörðinni fer árlega 1/3 þeirra matvæla sem framleidd eru til spillis. Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætla að þetta séu um 1,3 milljarðar tonna, en talið er að heildarframleiðslan í heiminum sé rétt innan við 4 milljarðar tonna.

Þetta sýnir svart á hvítu að hungur hefur nákvæmlega ekkert að gera með „yfirkeyslu“ á framleiðslugetu jarðarinnar, eins og iðulega er haldið fram.

Til að bæta gráu ofan á svart er yfir einn milljarður manna í yfirþyngd og þar af þriðjungurinn ofurfeitur.

Við blasir að ef fjórðungur þess sem fer til spillis væri nýttur á skynsamlegan hátt, myndi það nægja til að brauðfæða allt mannkynið. Ef sóuninni væri útrýmt gæti mannkynið fjölgað sér áhyggjulaust næstu áratugi, a.m.k. hvað þetta varðar.



Það er lítið bjartara yfir annarri staðreynd, sem er sú, að ef neyslumynstrið helst óbreytt þarf matvælaframleiðslan að hafa aukist um 60% árið 2050.

Afkoma Íslendinga byggir að stórum hluta á öflun matvæla og allt þar til á síðasta ári var sjávarútvegurinn drúgstur í öflun gjaldeyris fyrir þjóðarbúið.

Þó svo að íslenska þjóðin geri sér grein fyrir því að hún sé harla lítið brot mannkynsins (0,0047%) þá verður allur samanburður hálf fáránlegur varðandi framangreint, en hugsanlega hollur til íhugunar.

Þannig blasir við að 870 milljónir manna jafgilda 2636 íslenskum þjóðum (tvöþúsundsexhundraðþrjátíuogsex) og sá hluti mannkynsins sem hefði gott af því að drífa sig í ræktina er ígildi yfir 3000 íslenskra þjóða.

Samkvæmt því sem næst verður komist er meðalneysla hvers Íslendinga um 1,1 tonn af mat á ári, eða um 360 þúsund tonn í það heila. Miðað við 1,3 milljarðana sem fara til spillis árlega, tæki það þjóðina hvorki meira né minna en 3600 ár að torga herlegheitunum!

Því er haldið fram við úmis tækifæri að Íslendingar séu mikil fiskveiðipjóð. Það má vissulega til sanns vegar færa sé lítið til höfðatölu og hvað þá fjölda sjómanna og fiskiskipa. En í hinu stóra samhengi er framlag okkar í matarkistu mannkynsins sambærilegt því að hún væri 500 lítra frystikista sem fylla ætti með t.d. smjöri: Í hana myndum við leggja um 60 grömm af margaríni (og halda langa ræðu um mikilvægi okkar í leiðinni!).

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



Vísindi eða villuljós?

Togararallið

Allt frá árinu 1985, þegar Hafrannsóknastofnun fór í fyrsta togararallið hefur aðferðafræðin og aflaráðgjöfin sem fylgt hefur í kjölfarið legið undir gagnrúni. Smábátaeigendur voru meðal þeirra fyrstu sem drógu í efa gildi rallsins fyrir stofnstærðarmælingar, en gagnrúnisróddunum fjölgaði með árunum, bæði frá mönnum innan sem utan sjávarútvegsins. Til talsverðs tíma hefur sú staða verið uppi meðal veiðimanna að traust þeirra á fiskifræðum og Hafrannsóknastofnun er af mjög skornum skammti.

Á sama tíma verður ekki annað séð en að valdhafar, þeir sem taka hina endanlegu ákvörðun um útgefna veiðiheimildir, hafi öðlast því sem næst óbilandi trú á stefnu Hafrannsóknastofnunar. Þar virðist engu skipta hvernig hlutirnir þróast. Þannig hikaði ekki sjávarútvegsráðherra við árið 2001 að fullyrða í ræðu á

erlendum vettvangi að stutt væri í 350 þúsund tonna jafnstöðuafla í þorski. Þar væri 25% aflareglunni fyrst og fremst að þakka, þáverandi stefnu Hafrannsóknastofnunar. Varla hefði þessi borubratta yfirlýsing verið sett fram nema vegna fyrirheita frá stofnuninni.

Saga þorskveiðanna frá 2001 í þessu ljósi er vægast sagt sláandi. Meðalafli í þorski árin 2002-2013 er 192 þúsund tonn og aldrei farið yfir 214 þúsund tonn. Einhver orðhvatur gæti misst útúr sér að planið hafi klikkað.

Þessi staðreynd hefur ekki breytt þeirri möntru stjórnmálamanna sem þeir grípa orðið til í svefni sem vöku að „stuðst sé við bestu þekkingu sem völ er á“. Við þessu eiga gagnrýnendur fáar varnir þegar kemur að því að framvísa rannsóknagögnum og skýrslum. Það er varla nema von. Samkvæmt lögum hefur Hafrannsóknastofnun öll töl og haldir í hafrannsóknunum við Ísland. Völd stofnunarinnar eru raunar svo mikil að ráðherra getur ekki, samkvæmt 13.



Sjómenn!

Til hamingju með daginn

Starfsfólk Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjómannadaginn.

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1



ÍSFELL
www.isfell.is

grein laga um fiskveiðar í landhelgi Íslands, tekið ákvarðanir um vísindaleg rannsóknarverkefni innan landhelginnar nema að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunar og þá einungis undir þeim formerkjum að stofnunin fylgist með viðkomandi. Hvaðan ætti samkeppni því að koma? Og hvers vegna kallar stofnunin sjálf ekki eftir henni? Er ekki kjarni góðra vísinda að leita eftir sem flestum sjónarhornum, láta reyna á kenningar og stefnur með ólíkum prófunum sem annað hvort staðfesta að leiðin sé rétt – eða villuljós.

Það liggur í hlutarins eðli að það er afleit staða að traust og virðing skuli ekki vera einkennismerki samstarfs vísindamanna og veiðimanna. Hvar sökin liggur er sjálfsagt hægt að deila um eins og allt annað í heimi hér, en sá sem syndlaus er, vinsamlega kasti fyrsta þorskhausnum.

Veiðimenn hafa oft á tíðum verið harðorðir í garð Hafrannsóknastofnunar og er sá sem þetta ritar ekki með öllu saklaus. Sá hængur er hins vegar oftast en ekki á gagnrúni úr röðum veiðimanna að hún styðst sjaldnast við gögn frá þeim sjálfum, en miklu frekar á þeirri tilfinningu sem þeir afla sér með ástundun fiskveiða, góða athyglisgáfu og oft á tíðum frumlegri hugsun sem gerir þeim kleift að sjá aðrar og stundum óvæntar hliðar mála.

Fyrir slíka framsetningu gefur vísindaheimurinn oftast nær harla fáar spyrður. Það er í mörgum tilfellum skiljanlegt, en ekki öllum. Allar vísindagreinar rekja uppruna sinn í frumlega hugsun einstaklinga sem með athyglisgáfu og góðri rökhugsun lögðu grundvöll þeirra. Fiskifræðin er þar ekki undanskilin. Það er því algerlega ástæðulaust að afgreiða þessa aðila sem einhverja „flatjarðarsinna“, eins og Neil deGrasse Tyson, umsjónarmaður Cosmos þáttanna sem sýndir hafa verið á sjónvarpsrás National Geographic undanfarið, kallar þá sem falla ekki á hnéin fyrir öllu því sem sagt er í nafni vísindanna.

Án þess að ætla að fara í vörn fyrir þá sem enn telja jörðina flata, þá lýsir þetta engu að síður þeim akademíska hroka sem einungis breikkjar gjána milli þeirra sem nauðsynlega þurfa að hafa góð samskipti.

En svo eru það þeir sem gagnrúnt hafa Hafrannsóknastofnun og stuðst við hennar eigin gögn í því sambandi. Í þeim tilfellum hefur stofnunin oft á tíðum brugðist ókvæða við þó á því séu vissulega undantekningar. Það er öllu erfiðara að skilja hvers vegna þessari gagnrúni hefur ekki verið gefinn meiri gaumur. Þessir aðilar byggja ekki málflutning sinn á tilfinningu, heldur túlkun þeirra gagna sem Hafrannsóknastofnun framleiðir að mestu með togararallinu og byggir aflaráðgjöfina á.

Gagnrúni þessara aðila hefur einkennst að mestu af svokallaðri „grisjunarkenningu“, sem er fullgild framsetning á nýtingu fiskistofna, rétt eins og þær kenningar sem Hafrannsóknastofnun byggir ráðgjöf sína á. Kenningar eru það – því sú stefna sem stofnunin keyrir nú af fullri hörku er aflaregla, sem reynslan – endurtekin til margra ára – styður ekki, samanber tilvitnunina hér að framan. Þrátt fyrir það er eina nálgun stofnunarinnar við þessa hrakfallasögu að halda áfram að notast við aflareglu – með mun lægri prósentutölu. Það hlýtur að vera nóturlegt fyrir fræðimenn Hafrannsóknastofnunar að fara yfir niðurstöður togararallsins 2014. Þær styðja síður en svo 20% aflaregluna. Hver verða viðbrögðin? Að lækka hlutfallið enn frekar?

Eitt er það sem ekki er gagnrúnismönnum þeirra sem hér er getið til framdráttar. Alltof oft fylgir í þeirra málflutningi athugasemdir um greindarvísitölu starfsmanna Hafrannsóknastofnunar. Slíkar viðbætur – við annars mjög athyglisverðar ábendingar – draga stórlega úr áhuga þeirra sem slík skot fá á sig.

Akademískur hroki annars vegar og besservissgangur hins vegar verður að víkja fyrir raunverulegum og skapandi samskiptum Hafrannsóknastofnunar og veiðimanna. Til þess þurfa báðir að brjóta odd af oflæti sínu.

SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarsson	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is



Frumherji
Skipaskoðunarsvið



Togararallið og hrognkelsið

Vísindi eða villuljós?

Hrognkelsið, þessi litli og kubbblegi vorboði, er af þeim ættbálki fiska sem nefnist brynvangar. Samkvæmt bókinni Íslenskir fiskar, eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson stendur ættbálkurinn saman af um 25 ættum, 266 ættkvíslum og tæplega 1.300 tegundum.

Þær tegundir sem þekktastar eru hér við land af ættbálki brynvanga, utan hrognkelsisins, eru gullkarfi, litli karfi og djúpkarfi, fyrir utan marhnúturinn, sem oft er fyrsti fiskurinn sem Íslendingar draga úr sjó.

Af hrognkelsaættinni er það sjálft eina tegundin sem þekkt er við landið.

Þar sem kynin eru mjög frábrugðin í útliti eru þau kölluð sitt hvoru nafninu, rauðmagi og grásleppa. Á þeim tíma sem hrognkelsið er á hrygningarstöð tekur rauðmaginn litinn sem hann dregur nafn sitt af, en grásleppan heldur

gráa litnum, hvort heldur við ströndina eða í úthafi. Í hafi er snúið að greina kynin að, en þó er sá útlitsmunur að rauðmaginn er hlutfallslega hausstærri og með mun stærri eyrugga/tálknugga.

Þessi siður við kyngreininguna er ekki bundin við íslenskuna, en það er hins vegar einsdæmi að fiskitegund sé kyngreind með þessum hætti. Reyndar er sá misskilningur ekki óþekktur að bleikja og urriði séu heiti kynja af sömu tegund silunga. Hugsanlega má rekja þann misskilning til hrognkelsisins.

Fræðiheiti hrognkelsis er *Cyclopterus lumpus* og ættarheitið *Cyclopteridae* er dregið úr tveimur grískum orðum sem merkja hringur og uggi eða vængur. „Hringuggi“ er tilvísun á sogblöðkuna, sem talin er vera samvaxnir kviðuggar.

Risastórt útbreiðslusvæði

Útbreiðslusvæði hrognkelsis er gríðarstórt. Við Austurströnd Bandaríkjanna finnst það allt suður undir Norfolk í Virginíufylki og Evrópumegin allt suður að Portúgal. Frá

Þessum svæðum í suðri, sem liggja bæði nálægt 40° norðlægrar breiddar, hefur það fundist með öllum ströndum og höfum sem nöfnum tjáir að nefna allt upp undir Norðurpól. Strandlengjan sem hrognkelsið hefur „aðgang“ að er að lágmarki 200 þúsund km (trúlega nær 250 þúsund km). Erfitt er að áætla flatarmál útbreiðslusvæðisins, en það er vart undir 4,5-5 milljón km².

Veiðipjóðirnar

Þrátt fyrir að hrognkelsið sé svona útbreitt, er nýting þess í engu samræmi. Mjög fáar þjóðir hafa séð ástæðu til að sækja björg í bú með hrognkelsaveiðum og fljótlegt að telja þær upp: Kanada, Grænland, Ísland og Noregur hafa til áratuga veitt langt yfir 90% þess afla sem á land hefur komið. Staðan er reyndar sú að grásleppuveiðar hafa brugðist á Nýfundnalandi sjö ár í röð (frá og með árinu 2007) og Norðmenn sinna veiðunum lítið, aðallega vegna sterkrar stöðu þorsks og ýsu hin síðari ár og lágs verðs á hrognum.

Ísland og Grænland bera uppi heimsveiðina. Í því samhengi er athyglisvert að allt til ársins 2001 sinntu Grænendingar þessum veiðum harla lítið. Árið 2002 urðu þáttaskil og nú er fátt sem getur komið í veg fyrir að Grænendingar taki forystu í grásleppuveiðunum. Þar eru enn stór svæði sem lítið veiðialag er á og jafnvel ónýtt.

Áður fyrr veiddu Danir og Svíar talsvert af grásleppu, en magnið sem þar hefur komið á land undanfarin ár er sáralítið. Eina landið sem talið er geta komið inn í grásleppuveiðarnar héðan af er Rússland. Vitað er að þar væri hægt að stunda umtalsverðar grásleppuveiðar. Það sem kemur í veg fyrir það er að útgerð smábáta er lítt þekkt á viðkomandi svæðum í norðri, af þeirri ástæðu að á Sovét-tímanum var slík útgerð einfaldlega bönnuð.

Nýting hrognkelsis

Ástæða þess að hrognkelsið er ekki nýtt meira en raun ber vitni, er vafalaust sú að hlutfall holds er með því lægsta sem fyrirfinnst í nokkurri fisktegund. Mælt nýtingarhlutfall á flökum grásleppunnar er um 13-14% á sama

tíma og hlutfall hrogna á hrygningartíma er rétt undir 30%.

Margir Íslendingar líta á rauðmagann sem lostæti, en af einhverjum ástæðum er nánast óþekkt annars staðar að leggja sér hann til munns. Þar kemur m.a. til sögunnar gömul hjátrú. Á Nýfundnalandi er talin hin mesta ógæfa að drepa rauðmaga. Hvort þar sé að finna ástæðu aflabrestsins undanfarin ár er ekki vitað, en hitt er athyglisvert að á Íslandi til forna þótti það boða bráða feigð að fá hrognkelsi á öngul. Hvort þessi vísindi fylgdu Leifi heppna og félögum sem tóku sér trúlega bólfestu á L'Anse aux Meadows (Landsenda), nyrsta tanga Nýfundnalandis fyrir um 1000 árum, er ekki vitað.

Undanfarin ár hefur færst í vöxt að styrja sé á matseðlum evrópskra veitingahúsa og álitin hinn besti matur. Þeir sem smakkað hafa bæði rauðmaga og styrju vita sem er að bragðið af þessum tveimur tegundum er nauðalíkt. Þá var rauðmagalifur soðin niður fyrir margt löngu hérlandis og seld sem lúxusfæða til Sviss. Sú framleiðsla lagðist af.

Bragðið af grásleppuflökunum er mjög ólíkt og hlutlausara. Fyrir nokkrum árum stóð Landssamband smábátaeigenda í samvinnu við matreiðslumeistara og fleiri að svokallaðri „grásleppuviku“, þar sem nokkur veitingahús voru með fjöldan allan af grásleppuréttum á boðstólum. Langflestir þeirra sem smökkuðu voru sammála um að fiskurinn bragðaðist þrjúðilega.

Sú ánægjulega breyting er orðin á nýtingu grásleppunnar, sem eins og önnur markverð nýting á henni byrjaði á Íslandi, að nú er „skrokkurinn“ með hveljunni seldur á kínverskan markað.

Ostur og blá mjólk og rafdas

Hérlandis hefur hrognkelsið verið nýtt í aldar- aðir. Sú verkunaraðferð að láta hana síga er enn við lýði, en til forna var hún borin á tún og notuð sem gripafóður. Til þess var tekið að mjólk kúa sem fóðraðar voru á grásleppu væri bláleit og þótti síst til skaða. Ostagerð

úr hrognunum var þekkt, en aðferðin löngu glötuð.

Hrognkelsi var notað í beitu fyrir þorsk og þá kallað ræksnabeita eða rafdas. Grásleppuhrogn og slóg var notað í sama tilgangi og kallað skúfur, nema Vestfirðingar kólluðu geðslegheitin kýtu. Fiskimönnum fortíðar þótti lítil skemmtan af þessari notkun innvolsins og hafa væntanlega fagnað því þegar ákveðið var árið 1920 að hætta að nota hrognin til beitu.

Hrognkelsi var stungið í fjöruborði og –pollum og enn er á fótum fjöldi fólks sem man slíkar veiðar úr sínu ungdæmi. Því fór þó fjarri að hægt væri að ganga að hrognkelsinu vísu fyrir daga atvinnuveiða nútímans. Þannig brugðust hrognkelsaveiðar með öllu árið 1880 í Faxaflóa, svo dæmi sé tekið.


Atvinnuveiðar

Sú nýtingaraðferð að salta hrognin og framleiða úr þeim kavíar er í dag uppistaðan í nýtingu hrognkelsastofnsins og hefur verið til langs tíma. Árin 1927 og 1931 voru gerðar tilraunir til útflutnings saltaðra grásleppuhroгна. Lítilræði var saltað af hrognum árin 1940 og 1941 en það lagðist af til ársins 1945. Frá því ári og til 1950 var framleiðslan langt innan við 1.000 tonn á ári, en árið 1953 var saltað í 2.400 tonn. Árið 1961 fór tunnu-fjöldinn í fyrsta skiptið yfir 5.000 tonn og árið 1969 var framleiðslan að nágast 10.000 tonn.

Árið 1984 var metveiðiár í grásleppunni þegar saltað var í tæpar 27.000 tonn, sem eru ígildi um 13.500 tonn af grásleppu úr sjó. Frá árinu 1945 hafa íslenskir grásleppukarlar veitt í um 625.000 tonn (um 312.000 tonn úr sjó), eða rúmar 9.000 tonn að meðaltali á ári (um 4.500 tonn úr sjó) þær 69 vertíðar sem liðnar eru frá 1945. Meðalveiði síðustu 10 vertíða er rúmlega 10.700 tonn (5.350 tonn af grásleppu úr sjó).



Mynd 1



Allt til ársins 1987 var Ísland með yfirburða-stöðu í veiðunum. Það ár komu Nýfundnalandingar til sögunnar og héldu eftir það svipaðri og stærri hlutdeild en Íslendingar til langs tíma. Sú staða er mikið breytt eins og rakið var hér að framan.

Metveiðiárið á heimsvísu var 1988, þegar saltað var í tæpar 60.000 tonn (um 30.000 tonn af grásleppu úr sjó).

Takmarkaðar rannsóknir

Rannsóknir á hrognkelsi hafa mætt afgangi, hérlandis sem annars staðar. Ástæðan er vafalaust sú að nýting stofnsins hefur aldrei verið ýkja mikil og hvergi náð því að verða meginstöð í fiskiðnaði eða -neyslu.

Einhverjum kann að virðast að með þessari lýsingu sé gert lítið úr þeim atvinnuvegi sem skapaðist með veiðunum og vinnslu kavíars. Staðreyndin er einfaldlega sú að í hinu stóra samhengi hlutanna er þessi hluti sjávarútvegsins agnarsmár.

Úr „ástandsskýrslum“ Hafrannsóknastofnunar

Þá verður ekki betur séð af skýrslum Hafrannsóknastofnunar til fjölda ára, um ástand og aflahorfur, en að áhyggjur fiskifræðinga hafi verið harla litlar ef nokkrar af því að veiðar smábáta við erfiðar aðstæður, bæði hvað varðar tíðarfar og markaðsaðstæður, gætu skaðað hrognkelsastofninn.

Í ástandsskýrslum stofnunarinnar frá 1985-2013 er m.a. að finna eftirfarandi:

„Þær miklu sveiflur sem orðið hafa í veiðunum virðast aðallega stafa af náttúrulegum sveiflum í stofnstærðum. Ýmislegt bendir til að um fleiri en einn stofn er að ræða hér við land.“ (1985).

Grásleppuvertíðin 1986 var arfaslök, en um það segir í skýrslunni 1987:

„Aðalástæðan fyrir því að svona fór er sú að gæftir voru með fádæmum stirðar...“.

Sama segir í skýrslunni 1989 og þar er hnykkt á kaflanum um hrognkelsið:

„Eins og oft áður munu gæftir þó ráða mestu um gang vertíðarinnar 1989.“

Í skýrslunni 1990 segir:

„Enn hefur ekkert komið fram við rannsóknir sem bendir til ofveiði.“

Þetta er ítrekað 1992/1993 og 1993/1994:

„...álitid (er) að veiðarnar valdi ekki sveiflum í stofnstærð...“

Það er svo í ástandsskýrslunni fyrir fiskveiðiárið 1994/1995 sem Hafrannsóknastofnun virðist gefa frá sér að spá fyrir um aflabrögð. Þar segir:

„Afar erfiðlega hefur gengið að spá fyrir um sveiflur í grásleppuafli. Um nokkurt skeið var reynt að spá fyrir um hrognkelsagengd með því að kanna sérstaklega hlutfall smágrásleppu í afla á hverju veiðisvæði. Þótt nokkur samsvörun hafi fundist fram til ársins 1987, hefur slíku ekki verið að dreifa síðastliðin ár. Þá hefur verið borin saman grásleppuveiði og vísitala hrognkelsa í árlegri stofnmælingu botnfiska allt frá árinu 1985. Lítið samband virðist þar á milli nema þau árin sem vísitalan hefur mælst mjög há en þá hefur heildarafli verið góður.“

Ofveiði?

Í skýrslunni 1995/1996 er í fyrsta skipti vikið að því að ofveiði sé ekki útilokuð:

„Enda þótt minnkandi grásleppuafli allt frá 1988 gæti stafað af ofveiði bendir ýmislegt til að svo sé ekki.“

Léleg grásleppuveiði ár eftir ár hreyfði við veiðimönnum og sumir þeirra lýstu áhyggjum. Árið 1996/1997 segir:

„Vaxandi áhyggjur hafa þess vegna verið meðal sjómanna að um ofveiði væri að ræða.“

Það er hins vegar strax í næstu setningu slegið út af borðinu:

„Þau gögn sem til eru um aflabrögð benda hins vegar ekki til þess að fylgni sé á milli veiðialags og breytinga í stofnstærð hrognkelsa.“

Í skýrslunni 1997/1998 kemur síðan í fyrsta skipti setning sem gengur í gegnum allar skýrslurnar til ársins 2010/2011:

„Hafrannsóknastofnun telur að fara beri varlega við nýtingu grásleppustofnsins...“

Glittir í togararallið

Þetta sama ár kveður líka við breyttan tón varðandi vísitöluna úr togararallinu:

„Nokkuð gott samræmi er milli vísitölu stofnstærðar úr stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985-1996 og afla á sóknareiningu hjá grásleppubátum sömu ár...“

Árið 1998/1999 er áfram vitnað til rallsins:

„Niðurstöður stofnmælingarinnar og veiðidagbækur benda til að veiðistofn grásleppu hafi minnkað um helming frá því að stofnmælingar hófust 1985.“

Kaflinn um hrognkelsið er nánast orðréttur hinn sami í skýrslunum frá og með árinu 1998/1999 til og með 2010/2011 og ætíð botnaður með sömu fyrrgreindu setningunni.

Ráðgjöf – í tonnum

Skýrslan 2011/2012 markar þáttaskil í afskiptum Hafrannsóknastofnunar af grásleppuveiðum. Í fyrsta skipti kemur fram veiðiráðgjöf fyrir komandi vertíð (2012) með þeim fyrirvara að nýjar upplýsingar úr togararallinu í byrjun vertíðar kalli á endurskoðun. Ráðgjöfin var í tonnum, þrátt fyrir að grásleppan væri og sé ekki í kvótakerfi.

Að auki var í fyrsta skipti hvatt til þess að leyft yrði að sleppa öllum lifandi hrygndum grásleppum og eftirlit og skráning með rauðmagaveiðum aukið, sem og með hrognkelsi sem aukaafli við aðrar veiðar.

Skýrslurnar tvær 2012/2013 og 2013/2014 hafa svo í framhaldi verið með aflaráðgjöf, byggða á togararallinu.

Mikið til af eldri gögnum

Hafrannsóknastofnun er trúlega sá aðili sem safnað hefur mestum gögnum um hrognkelsið, enda Ísland upphafsaðili markverðrar nýtingar stofnsins.

Árið 1971 hóf Sigfús Schopka fiskifræðingur gagnasöfnun og árið 1974 tók Vilhjálmur Þorsteinsson fiskifræðingur við. Vilhjálmur er sá einstaklingur sem rannsakað hefur hrognkelsastofninn mest og mikið magn gagna og greinargerða er til frá hans starfsferli.

Hitt er lakara, að aldrei hefur verið gerð gangskör að því að nýta öll þessi gögn. Rannsóknastörf sín vann hann aðallega í hlutastarfi og oftast einn. Vilhjálmur var því algerlega ofviða að lesa úr og greina allar þær upplýsingar sem grásleppukarlar söfnuðu í samvinnu við hann.

Hafrannsóknastofnun hefur undanfarin ár verið að bæta ögn fyrir þetta, en erlendis verður lítils vart í þá átt. Svo aamt er þetta hjá sumum vísindastofnunum að gamlar bábyljur um hrognkelsið standa árum saman óhaggaðar á netinu, í þeirra nafni. Þannig er t.d. að finna á heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar við Maine flóann í Bandaríkjunum, að hrognkelsið sé bæði óætt og kunni varla að synda.

Árið 2010 réðst til starfa bandarískur fiskifræðingur, Jacob Kasper, til BioPol, sjávarlíf-tæknisetursins á Skagaströnd. Hann starfaði þar til ársins 2013 við merkingar á grásleppu og fleira hliðstætt því sem Vilhjálmur gerði á sínum tíma.

Hann hefur undanfarið starfað í Bandaríkjunum við DNA rannsóknir á hrognkelsastofnum í Norður-Atlantshafi. Í hans stað er kominn annar Bandaríkjamaður, James Kennedy, sem einnig er staðsettur hjá BioPol.

Að nýta þær upplýsingar sem til eru

Að því hlýtur að koma að gögn Vilhjálmur verða samkeyrð við rannsóknir þær sem stundaðar hafa verið hjá BioPol undanfarin ár. Ýmislegt sem fram kemur í skrifum Vilhjálmur frá fyrri tíð er mjög frábrugðið niðurstöðum nýjustu rannsókna og hlýtur að varpa ljósi á a.m.k. einhverjar spurningar varðandi ástand hrognkelsastofnsins og hugsanlegar breytingar á honum frá því atvinnuveiðar hófust og hvort og þá hversu stóran hlut þær gætu átt þar að máli.

Af skrifum Vilhjálmur má sjá að hann hafði mikið og gott samstarf við grásleppuveiðimenn sem söfnuðu gögnum varðandi veiðarnar í samvinnu við hann. Ekki er annað vitað en að Jacob Kasper hafi sömuleiðis átt ágæt samskipti við veiðimenn.

Í skýrslum Hafrannsóknastofnunar, fyrir daga togararallsins, þar sem grásleppunnar er getið, bendir til að fiskifræðingar hafi ekki haft stórar áhyggjur af viðkomu stofnsins. Í skýrslunni um starfsemi stofnunarinnar frá 1981 segir t.d. eftirfarandi:

„Eins og áður var margvíslegum gögnum safnað um grásleppu í góðri samvinnu við grásleppukarla. Unnið var úr ýmsum gögnum en höfuðáhersla var lögð á aldursgreiningu og stofnstærðarútreikninga.“

Síðari setningin, um höfuðáhersluna á stofnstærðarútreikninga snýr að því sem öllu hlýtur að skipta við aflaráðgjöf, stærð stofnsins. Hvernig sem á því stendur, er þetta í eina skiptið sem minnst er á stofnstærðarmælingu

hrognkelsastofnsins í öllum ástandsskýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar frá 1981 – 2014, eða 34 skýrslum í röð. Í samtölum við fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar nýverið sögðu þeir að stærð stofnsins væri alls ekki þekkt.

Er hrognkelsastofninn... 10-15 þúsund tonn?

Árið 2007 gaf Hafrannsóknastofnun hins vegar út „Fjölrit nr. 131, Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum (SMB) 1985-2006 og Stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH) 1996-2006.“ Í fjölritinu er að finna eftirfarandi setningu:

„Árin 1985-1990 var heildarvísitala hrognkelsis á bilinu 10-15 þúsund tonn...“

Hvorki hafrannsóknastofnanir í Noregi, Kanada, Grænlandi eða Danmörku hafa látið frá sér fara neitt um stærð hrognkelsastofna í N-Atlantshafi. Eina undantekningin sem vitað er um var mæling rússneskra fiskifræðinga við VNIRO hafrannsóknastofnunina í Murmansk, sem þeir gerðu á árunum fyrir 1997. Þessar upplýsingar komu fram hjá norskum fiskifræðingum sem héldu erindi á hinum alþjóðlega fundi sem haldinn er um grásleppumál, LUROMA, árið 1997. Þrátt fyrir mikla eftirgrennslan hefur ekki tekist að rekja uppruna þessara upplýsinga, en tilraunum til þess verður haldið áfram.

Niðurstaða Rússana

Ástæðan er ekki síst sú, að niðurstaða Rússana var sú að hrognkelsastofninn/arnir í N-Atlantshafi væri/u um 350 þúsund tonn. Sé mælingin trúverðug er ljóst að veiðar grásleppukarla eru aðeins brot af heildarstofninum og langt innan allra varúðarmarka sem sett hafa verið undanfarin ár fyrir hinar ýmsu fiskitegundir.

Sú var og er skoðun Vilhjálms Þorsteinssonar fiskifræðings. Hann hefur alla tíð haldið því fram að veiðarnar skiptu sáralitlu máli varðandi afkomu hrognkelsastofnsins og útilokað að grásleppukarlar gætu unnið honum tjón.

Togaraðallið

Árið 1985 urðu þáttaskil í hafrannsóknnum við Íslandsstrendur þegar farið var í fyrsta togaraðallið. Aðferðinni var fyrst og fremst

ætlað að rannsaka þorsstofninn, en það breyttist fljótlega.

Í stuttu máli: í dag eru gögn úr röllunum varðandi fjölmarga fiskistofna lögð til grundvallar aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Nú síðast fór grásleppan á þann lista.

Grásleppukarlar gagnrýna harðlega

Flestir, ef ekki allir, grásleppukarlar eru þeirrar skoðunar að útilokað sé að mæla stofnstærð hrognkelsastofnsins með togaraðalli. Til þess séu margar ástæður og þessar helstar:

- Grásleppan heldur sig nálægt yfirborði stóran hluta æviskeiðs og veiðist því afar illa í botntroll.
- Göngutími hrognkelsa er misjafn frá ári til árs, en togaraðallið fast í tíma.
- Göngumynstur hrognkelsa er breytilegt, en mynstur togaraðallsins ekki.
- Togaraðallið nær í mesta lagi í skottið á einni grásleppugöngu, en vitað er að hún gengur að landinu í nokkrum áföngum.
- Veðurfar hefur gríðarleg áhrif á grásleppuafli.
- Markaðsástand grásleppukavíars ræður oft miklu um heildarafli.


Staðreyndin er sú að söfnun gagna um grásleppuna úr 30 vorróllum hefur enn ekki skilað niðurstöðu um stofnstærð inn í hina árlegu skýrslu um ástand og aflahorfur. Eftirstendur ein tilvísun sem getið var um hér að framan.

Aflaráðgjöf í tonnum – úr stofni sem ekki er vitað hvað er stór

Mörgum þótti því vel í lagt af stofnuninni þegar hún hóf fyrir fiskveiðiaárið 2011/2012 að gefa ráðgjöf um afla úr hrognkelsastofninum – í tonnum talið.

Það fyrsta sem vert er að skoða í þessu sambandi er hvort samræmi sé milli grásleppuvísitölu togaraðallsins og veiðinnar á sömu vertíð.

Mynd 2



Fyrir leikmannsauga vekur athygli að fylgni grásleppuvísitalunnar og veiðinnar sama ár virðist vera þó nokkur. Frá árinu 1985-2013 (2014 ekki talið þar sem grásleppuvertíð stendur yfir sem þetta er skrifað – vísbendingar eru þó í þá átt að fylgni sé þar á milli) er sveifla vísitalunnar og veiðinnar sú sama í 21 skipti, en 8 skipti í sitt hvora áttina. Það sem truflar þennan samanburð eru tilraunir grásleppuveiðimanna til að stemma veiðina við þol markaðsins fyrir grásleppukavíar. Leiða má að því sterkari líkum en hitt, að fylgnin væri minni, hefði fyrirkomulag veiðanna haldist óbreytt allan tímann. Nokkur dæmi eru um að veiðimenn hafi tekið upp netin úr mokafla.

Rallið sýnir oftast en ekki hvort veiðin eykst eða minnkar milli ára


Af mynd 2 er ljóst að hvað sem um togararallið má segja, eru meiri líkurnar en minni á því að það segi til um í hvaða átt sveiflan verður í veiðinni sama ár, miðað við árið á undan.



En nægir sú staðreynd til að byggja á henni aflaráðgjöf? Spurningin hvað þetta varðar hlýtur að vera hvort fylgnin sé nógu mikil til þess.

Nægileg fylgni?

Mynd 3



Mynd 3 sýnir prósentubreytingar grásleppuvísitalu í togararalli annars vegar og veiði milli ára hins vegar.

Til skýringar skulu tekin dæmi:

- Árið 1986 fór vísitalan niður um 33% frá árinu á undan, en veiðin dróst saman um 29%.
- Árið 1999 fór vísitalan upp frá 1998 um 33,5%, en veiðin jókst um 6,6%.
- Árið 2010 lækkaði vísitalan um 7% en veiðin jókst um 56%.

Hér eru hvorki tínd til „bestu“ eða „verstu“ dæmin.

Mynd 3 bregður talsvert ólíku ljósi á fylgni þessara tveggja þátta en Mynd 2.

Vísindalegum kröfum fullnægt?

Í vísindum er gerð sú grundvallarkrafa gagnvart kenningum sem settar eru fram í þeirra nafni, að endurteknar rannsóknir/tilraunir sýni svipaðar eða sömu niðurstöður. Fiskifræðingar hafa enga dul dregið á að skekkjumörk í stofnstærðarmælingum eru umtalsverð, jafnvel um 20% í báðar áttir frá núllinu. Engu að síður hlýtur sú spurning að vakna hvort fylgnin sem fram kemur í Mynd 3 fullnægi þessari grundvallarkröfu varðandi vísindakenningar.

Sé myndin skoðuð með það í huga hver prósentubreytingin á vísitölunni er miðað við veiðina á milli ára og þau ár talin þar sem mismunurinn er innan 20% markanna í sitt hvora átt er niðurstaðan sú að það eru einungis 4 ár. Það hlýtur að vera alvarlegt umhugsunar-efni að mismunurinn fer allt upp í 800% (2009) og aðeins einu sinni nánast á pari með mismun upp á 3% (2001).

Aflaráðgjöf í tonnum talin, eins og Hafrannsóknastofnun hefur látið frá sér fara þrjú ár í röð, hlýtur, þó ekki væri vegna annars en þess að ganga ekki gegn lögmálum heilbrigðrar röksemdarfræðslu, að byggja á mati eða áætlun um stofnstærð.

Auðvelt reikningsdæmi

Það er ekki flókið að setja þær upplýsingar sem fram koma í ástandsskýrslum stofnunarinnar inn í reikniskjal og fikra sig áfram þar til tölurnar passa frá upphafi togararallsins og til ráðgjafarinnar fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.

Talan sem kemur upp, til að samræmis gæti í rallvísitölum og ráðgjöf stofnunarinnar fyrir vertíðina 2013, er að íslenski hrognkelsastofninn hafi, fyrir vertíðina 2013, verið 7.555 tonn. Það þýðir að stofnstærðin 1985 var 23.951 tonn.

Í samtali við fiskifræðing Hafrannsóknastofnunar fyrir stuttu sagði hann umbúðalaust að það væru mistök að nefna töluna framan- greindu í Fjölriti nr. 131. Togararallið mældi einungis vísitölu en ekki tonnatölu. Hér skal það ekki rengt, en þetta dregur engu að síður þann dilk á eftir sér að stofnvísitalan tengist tonnatölu ráðgjafarinnar.

Veruleg breyting á vísitölunni – allt aftur á byrjunarreit 1985


Við vinnslu greinarinnar kom ný stofnvísitala úr vorralli 2014. Myndin frá árinu 2013 er talsvert breytt og vísitalan reiknuð á ný aftur til ársins 1985. Það vekur athygli að hún lækkar á 25 árum, mest um 24% (2011). Árið 1986 lækkar hún um 10%. Vísitalan hækkar aðeins 4 sinnum, mest árið 1993, um 15%.

Á Mynd 4 sést breytingin á stofnvísitölu í togararalli 2013 og 2014.



KARFINN er skyldur grásleppunni í móðurætt

Mynd 4




Útreikningar aftur í tímann eins og gert er í þessu tilfelli hafa oftlega verið gagnrýndir. Í sjálfu sér má vel skilja, jafnvel fyrir leikmann, að hægt sé að reikna einhver ár aftur í tímann þegar um fjölæra stofna er að ræða, eins og t.d. þorsk. Þar er mikið magn af upplýsingum úr veiðum og rannsóknum til staðar, en það er öllu snúnara að átta sig á því hvernig þetta er hægt þegar viðkomandi stofn er aðeins nýttur á hrygningartíma hans (og samkvæmt nýjustu rannsóknum fyrst og fremst 4 ára gamall) og rannsóknir utan þess tíma mjög takmarkaðar.

Hvað um það, ráðgjöfin 2014 og aðferðin sem útlustuð er bendir áfram til að unnið sé með þá stærð á hrognkelsastofninum sem áður var getið.

Stofnstærð(?) og veiði

Því er fróðlegt að setja saman í línurit stofnstærð samkvæmt því og grásleppuveiðina.

Mynd 5



Brennt verður ekki séð með góðu móti. Í fyrsta lagi að veiðarnar valdi stofnstærðarsveiflum, í öðru lagi að tengst sé milli hrygningarstofns og nýliðunar og loks að trúlegt sé að stofninn sé rétt áætlaður. Samkvæmt Mynd 5 var hrygningarstofninn svo gott sem þurrkaður upp árið 1996, einungis 455 tonn skilin eftir í sjónum. Engu að síður segir í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar varðandi árið 1996 að:

„Samkvæmt þessum niðurstöðum hefur veiðistofn grásleppu minnkað um helming frá því stofnmælingar hófust...“

Samkvæmt Mynd 5 var skilið 28 sinnum meira eftir í sjónum árið 1985 en 1996.



Á FULLRI FERÐ Í FAXAFLÓA

Byggt á vísitölu árgangs sem kemur ekki aftur

Í þessari grein hefur sjónum fyrst og fremst verið beint að þeim þætti sem snýr að togararallinu og þeirri staðreynd að gögn sem þar safnast um grásleppuna eru lögð til grundvallar aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Eitt meginatriði stendur eftir sem er sú aðferðafræði við ráðgjöfina að byggja í upphafi hennar – áður en vorrallinu lýkur – á vísitölu stofnsins árið á undan.

Sé það rétt að hrygningarstofn grásleppunnar sé að uppistöðu 4 ára, þá er verið að byggja ráðgjöfina á árgangi sem mun ekki skila sér aftur til hrygningar og skiptir litlu eða engu varðandi afkomu stofnsins.

Merkilegt merkingaverkefni

Landssamband smábátæigenda, BioPol og Hafrannsóknastofnun, ásamt fleirum, stóðu að myndarlegu merkingarátaki á grásleppu sem hófst 2008. Eitt af því sem komið hefur í ljós er að mjög fáar grásleppur skila sér til hrygningar ári eftir að hafa verið merktar.

Sú staðreynd hlýtur að kalla enn frekar á það að rannsóknir Vilhjálms Þorsteinssonar frá fyrrum árum verði teknar til gagn Gerrar skoðunar. Í greinargerðum eftir hann kemur m.a. fram að grásleppan hrygni aðallega 5 ára og komi aftur og aftur til hrygningar upp í 8 ára aldur.


Fer grásleppan smækkandi?

Þeir veiðimenn sem stundað hafa grásleppuveiðar til áratuga hafa margir talað um að grásleppan fari smækkandi og mun meira hafi verið af stórri grásleppu áður fyrr. Þurft hafi mun færri grásleppur til að fylla í eina hrogna-tunnu. Í dag er þumalputtareglan sú að um 148 grásleppur þurfi „í tunnuna“, en heyrst hafa tölur frá fyrri tíð allt niður í 115-120 grásleppur. Mikið er til af lengdarmælingum allt aftur til byrjunar 7unda áratugsins og hrognkelsi, sem veiðist í togararallinu er lengdarmælt. Skoðun á þeim lengdarmælingum virðist styrkja þessa framsetningu veiðimanna.

Rauðmaginn

Í þessari umfjöllun hefur ekki verið vikið að málefnum um rauðmagann, en nýtingin á honum er aðeins brot af því sem gerist með grásleppuna.

Mynd 6



Rauðmaginn gengur fyrr á hrygningarslóð en grásleppan og því er mjög ólíklegt að veiði á honum í togararalli endurspegli neitt annað en hversu fjarri í tíma rallið er miðað við komutíma rauðmagans. Alþekkt er meðal fiskistofna að framleiðsla kynja er mjög jöfn og hingað til hefur hrognkelsið ekki legið undir grun um að vera á skjön í þessum efnum.

Ef Mynd 6 sýnir raunverulega þróun varðandi rauðmagann er eitt á hreinu: hún verður ekki rakín til veiða á honum.

Vísindi eða villuljós?

Af því sem hér hefur verið sett fram má ljóst vera að gögn og aðferðir Hafrannsóknastofnunar, varðandi nýtilkomin afskipti hennar á nýtingu grásleppunnar, þarfnast rækilegrar endurskoðunar. Það er grafalvarlegt mál að grípa inn í lífibrauð hundruða fjölskyldna á forsendum sem virðast harla veikburða. Ekki síst er þetta alvarlegt í ljósi þess að stór umhverfissamtök hafa fengið þá flugu í kollinn að veiðimenn séu að murka lífið úr síðasta hrognkelsinu og eina leiðin til bjargar sé að knýja framleiðendur grásleppukavíars með hótunum til að greiða fyrir vernd þeirra.

Yfirskrift þessarar umfjöllunar er „Vísindi eða villuljós?“. Að óbreyttu er útilokað að sjá að

tograrallið í tilfelli aflaráðgjafar varðandi grásleppu standist þær kröfur sem gerðar eru um vísindakenningar og aðferðir. Því skal ekki mótmælt að rallið getur gefið vísbendingu um hvernig aflabrögð þróast, en sú staðreynd réttlætir engan veginn hvernig mál hafa þróast.

Til er saga af Þórbergi Þórðarsyni rithöfundu sem tínd skal til í þessu samhengi. Hún er ágætt dæmi um það þegar gögnum er safnað sem ein og sér eru áreiðanleg og hlutlæg en renna ekki stoðum undir það sem þeim er ætlað. Þórbergur var áhugamaður um handanheima og önnur tilverustig. Hann var heimilisvinur og tíður gestur hjá fjölskyldu nokkurri í Reykjavík. Dag einn féll þar mynd af vegg af ótilgreindum orsökum. Þórbergur frétti þetta og kom á búðarmikill á staðinn, fékk lánaða bókunartog og tommustokk og tók til við mælingar. Hann mældi þyngd myndarinnar og stærð, hæð hennar frá gólfi áður en hún féll, flatarmál veggjarins, stærð og lengd þeirra sprungna sem komu í glerið og þannig áfram í tvær klukkustundir. Þórbergur var vitaskuld að reyna að staðfesta að fyrirbærið væri af dulrænum toga en hvað þessar mælingar áttu að þýða eða hvernig þær renndu stoðum undir það er enn óljóst. Enginn efast um að mælingarnar voru nákvæmar og út af fyrir sig réttar.

Upptalning staðreynda um hæð, stærð og þyngd getur sannfært suma um að höfundur sé nákvæmur og hlutlægur. Þá sér lesandi kannski í gegnum fingur sér við höfund síðar í textanum þegar tekið er til við að spinna. Sem sagt: mælingar geta verið bæði nákvæmar og áreiðanlegar og staðhæfingar geta verið hárréttar án þess að þær komi því við sem staðhæft er.

Áframhald umfjöllunar

Umfjöllun um grásleppuna lýkur ekki með þessari grein. Áfram verður fjallað um þætti sem hér hafa ekki verið nefndir, eins og breytingar á sókn hvað varðar bátafjölda, netafjölda og veiðitíma. Þá eru margir grásleppuveiðimanna áhyggjufullir vegna uppsjávarveiða þar sem hrognkelsi er algengur aukaafli. Hafrannsóknastofnun verður boðið að bregðast við því sem hér hefur verið fjallað um í næsta tölublaði.

Arthur Bogason



Hreinn Björgvinsson

Grásleppukarl frá Vopnafirði

Hreinn Björgvinsson er 71 árs trillukarl frá Vopnafirði þar sem hann er borinn og barnfæddur. Hann á og rær bátnum Eddu NS 113, sem er rúm 6 brt og tæpir 9 metrar. Þegar hann er spurður að því hversu lengi hann hafi verið til sjós svarar hann því til að hann hafi verið fjögur ár í landi frá fermingu og ungann úr ævinni á smábátum. Hreinn hefur alla tíð, með örlítilli undantekningu, gert út frá Vopnafirði og þekkir grásleppumiðin á svæðinu hugsanlega betur en nokkur annar.

Hvernig var þetta hér áður fyrr, voru ekki nokkrar grásleppugöngur yfir vertíðina?

Á árum áður var það greinilegt, en hin síðari ár hef ég ekki orðið var við þetta. Venjan var sú að það kom svokölluð marsganga í byrjun og það var mun stærri sleppa í henni. En þetta var misjafnt milli ára og seinni göngurnar sem komu oftast síðari hluta aprílmánaðar voru smærri. Svona var þetta almennt fyrir Norðurlandi.

En grásleppan sjálf, hefur hún verið að smækka?

Já, hún hefur smækkað og ég verð ekki var við stóru sleppuna lengur. Ég hefur þráast við að nota 11 tommu möskva, en það hefur verið mjög lélegt í hann. Áður var mjög góð veiði í 11,5 tommuna. Mér sögðu eldri menn sem nú eru gengnir fyrir ætternisstapann að þegar þeir voru að byrja atvinnuveiðarnar í kringum 1960 hér í Vopnafirði hefði verið góð veiði í 12 tommuna og það hefði verið eitt kg af hrognum í hverri sleppu. Þá voru menn á skekkum við þetta. Hér voru menn með góðan 5-6 tonna bát og þeir fóru að fara utar. Þeir þurftu að hafa með sér skekktu undir aflann.

Hvað með veiðislóðina sjálfa, hefur hún breyst?

Hún hefur breyst mikið í gegnum árin. Grásleppan gengur ekki eins grunnt og áður. Núna gengur hún grynnst á 4-5 faðma en áður fyrr eins og flaut. Þar sést ekki kvikindi lengur og í raun lítið að finna fyrir ofan 7 faðma. Hver skýringin er veit ég svosem ekki nákvæmlega, en grásleppan hefur minnkað hérna við Langanesið og mér finnst þarabeltið hafa færst utar. Það fór mjög illa á ísaárunum 1965-1967. Árið 1979 kom hafís og uppúr 1980 færði sleppan sig utar.

Fyrst sleppan var stærri – þurfti þá ekki færri í tunnuna?

Jú, mig minnir að talan hafi lengi verið um 120 stykki í tunnuna þegar við vorum eingöngu með 11 tommuna. Nú orðið veiðir 10,5 tommu lang best. Ég minnst þess að árið 1984 unnum við saman ég og Guðmundur Ragnarsson og við höfðum úthaldið til helminga 10,5 og 11 tommur. Aflinn var mjög svipaður í hvorn möskva og mjög lítill munur á hrognamagni í hverri sleppu, en greinilegur stærðarmunur.



Hvað með rauðmagann?

Undanfarin ár hafa engar rauðmaga-göngur verið. Í fyrra og árið á undan var þetta svo lítið að menn tóku ekki einu sinni í soðið. Ég tel mig muna rétt að ég fékk mest 7 rauðmaga í vitjun í fyrra. Áður fyrr gat rauðmaginn beinlínis verið til vandræða, en hann datt niður fyrir 5-6 árum. Stærðin á honum var alltaf mjög blönduð.

Sem dæmi um þetta var rauðmaga-stæði ekki langt hér frá sem menn gátu fengið þetta 30 stykki, en nú fæst þar ekki í soðið.

Áttu þér skýringu á þessu?

Mig grunar flottrollsveiðarnar. Er hugsanlegt að þær hafi t.d. meiri áhrif á rauðmagann en grásleppuna? En það liggur ljóst fyrir að eftir að þessar flottrollsveiðar hófust hefur hrognkelsagengd minnkað hér á svæðinu. Í þessu sambandi minnst ég þess að færeyskir laxalínúmenn kvörtuðu bara undan einum fiski sem væri til óþurftar og það var grásleppan.

Ég tók sérstaklega eftir einu á nýafstað-inni vertíð. Í trossur þar sem djúpendinn var á 40-48 föðmum var ég eingöngu að fá mjög dökka grásleppu, sem þýðir að hún var að ganga út aftur, hrognafull. Ég segi fyrir mig að ef ég sem ungur maður hefði komið í eitthvað þorp og þar hefðu engar stelpur verið, hefði ég umsvifalaust gengið yfir í næsta þorp. Ætli sú gráa hafi bara nokkuð fundið neinn rauðmaga.

Hefur þú áhyggjur af því að grásleppukarlar séu að ganga af stofninum dauðum?

Nei, ég hef það nú ekki, en það á að fara varlega við nýtinguna á henni eins og öllum öðrum gæðum náttúrunnar.



Heimsókn að Hrauni á Skaga

„Út við ysta hafið þitt aldrei kyrrðin dvínar“

Það var á aðalfundi LS í október sl. sem ég kom að máli við Stein Rögnvaldsson og innti hann eftir því hvort ég mætti taka á honum hús um sumarmál og taka við hann og Merete, konu hans, spjall um lífið og tilveruna. Það var auðsótt, eins og ég átti reyndar von á. Fáa hef ég hitt um dagana sem hafa þægilegri nærveru en Steinn. Þau hjónin búa að Hrauni II á Skaga, nyrsta bæ á Skagatánni, rétt norðan hinnar víðfrægu 66° norðlægrar breiddar.

Það var svo í endaðan apríl sem ég boðaði komu mína. Spáin var góð og þrátt fyrir kulda- legan Tröllaskagann í austri voru búpeningur og dýr merkurinnar að búa sig undir sumarið. Ég hafði minnst á það við Stein að ekki myndi

skemma að komast í stuttan róður með honum á Sæfaranum. Málið var ekki sett í nefnd, heldur í framkvæmd. Við mæltum okkur mót á bryggjunni á Skagaströnd um hádegisbilið 29. apríl sl. Þar biðu þeir bræður, Steinn og Jóhann, gallvaskir og broshúrir. Þessi róður væri nú hálfgerð sýndarmennska – fyrst og fremst til að ná myndum og gera þann sem þetta ritar sjóveikan. Eftir að skroppið hafði verið eftir fjórum böllum var stefnan tekin út í miðjan Húnaflóann. Ekki tjóði að fara norður fyrir, hvínandi austan strengur fyrir utan en varla meira en ruglandi inni á flóanum.

Haldið í hann á Eversgrunnið

Eftir að Steinn hafði meldað sig við Siglufjarðar- radíó þótti mér tilhlýðilegt að spyrja um bátinn.

„Sæfari er smíðaður hjá Jóhanni Ársælssyni í Knörr á Akranesi árið 2001 og þótti mikill bátur á sínum tíma, 8,6 metra langur, rúm 4,5 brúttó-tonn með 265 hestafla Perkins. En tímarnir breytast hratt, ætli hann sé ekki orðinn einn minnsti línubáturinn í flotanum í dag. En hann er afbragðs góður sjóbátur. Eins og gengur hef ég oft lent í leiðindaveðrum, en aldrei vand-ræðum. Ég hef þá reglu að fara varlega og legg ekki vísitandi í tvísýnu. Sé engan hetju-skap í því.“

Við vorum rúma klukkustund fram á Evers-grunnið, þar sem Steinn vildi leggja stubbana.

„Ég á nú ekki von á miklu hérna, góði. Það gæti eitthvað slæðst uppúr hallinu hérna norð-uraf en varla verður það mikið. En svona úr einu í annað, ég hef tekið eftir því í vetur að múkkinn hefur verið óvenju hungraður og ræðst á beituna af mun meiri hörku en vanalega. Til allrar hamingju er sjaldgæft að hann festist í línunni á lögninni. Mér er alveg meinilla við að drepa múkkann, eins og reyndar mörgum sjómönnum. Eitthvað virðist breytt hjá greyinu varðandi fæðuframboðið, en annar fugl virðist vel haldinn.“

Mér varð litið aftur fyrir bátinn og sá óvanalega mikið af fýl fylgja honum. Eftir að balarnir fjórir voru komnir í sjó dóludum við til baka, Steinn dró fram kaffibrúsa og rúgbrauð með heimalag-aðri kæfu. Ekki amalegt. Eftir sopann var farið beint í baujuna. Bræðurnir skiptu þegjandi með sér verkum, Steinn á spilinu og Jóhann við blóð-gunarkassann.

Mjór er mikils vísir

Ekki byrjaði það gæfulega. Fyrsti balinn kom með flestar beiturar ósnertar og tvo smátitti sem rétt náðu máli. En þetta átti eftir að breytast. Þegar um fjórðungur af öðrum balanum var dreginn, með svipuðum árangri, brast hann á. Góður stubbur, annar til og svo komu þeir í röð, iðulega á hverju járn, ágætis fiskur. Það lifnaði heldur betur yfir áhöfninni. Steinn sneri sér að mér með kankvíslegt glott og stakk uppá því að hann réði mig um borð sem lukturöll. Hann hefði alls ekki átt von á þessu. Mér þótti vænt um tillöguna.



LÍNUVEIÐAR er einn elsta veiðiaðferð mannkyns og ein sú mest stundaða enn í dag - og í sókn víða um heim

Eins og línumenn vita þá er þetta ekki lengi að koma. Þrátt fyrir að undan tæki vel áður en fjórði balinn kláraðist voru um 400 kg komin í lestina, megnið mjög fallegur þorskur.

Stefnan var sett á Skagaströnd. Kaffibrúsinn dreginn fram og spjallið kom sjálfkrafa.

„Mest hef ég róíð með 20 bala, en vanalega förum við með þetta 14-16. Það passar ágætlega uppá að koma öllum afla í lest og ganga almennilega um hann. Maður er fljótt pikkaður út ef maður gerir það ekki. Það var í febrúar fyrir einum þremur árum sem við settum á hann metafla, eitthvað um 4,3 tonn. Það er í eina skiptið sem ég hef velt því fyrir mér að skilja eftir.“

Talið berst um víðan völl. Ég spyr Stein m.a. hvort meira hafi borið á lúðu, eftir að sjávarútvegsráðherra páverandi bannaði beinar lúðuveiðar.

„Nei, ég tel að þetta hafi verið til hins verra. Það eina sem í rauninni breyttist var að nú er hún ekki lengur skráð og því engar upplýsingar um hana að hafa. Samt er hægt að fá lúðu á öllum veitingastöðum. Sjálfsgagt er hún af norskum ættum. En það er athyglisvert með skötuselinn. Um tíma leit út fyrir að hann væri að nema land hér norður frá, en maður heyrir orðið lítið af honum. Það er ekkert á þessi kvikindi að treysta. Þannig hef ég nú mínar



SKYNDILEGA brast hann á og iðulega á hverju járn

efasemdir um makrílinn og hvort hann verði hluti af veiðum smábátanna hér fyrir norðan í framtíðinni.“

En ýsumálin eru erfið þessa dagana.

„Þar gegnir nú talsvert öðru máli. Undanfarin 5-6 ár hefur úsan aukist til muna. Og hún er hér enn. Núna síðast vorum við með 1.600 kg og þar af var fjórðungurinn falleg úsa. En það góða er að við erum að fá allar stærðir sem er vitaskuld nauðsynlegt upp á framtíðina. Verðið á henni hefur verið mjög gott og það hafa sést tölur sem eru afar sjaldgæfar, eitt skiptið fór það yfir 500 krónur.“

En hvað með strandveiðarnar?

„Ég er mjög hrifinn af strandveiðikerfinu, en menn verða að fara gætilega. Sumir hafa farið illa útúr því að fjárfesta án fyrirhyggju og ekkert hlustað á reyndari menn hvað varðar möguleikana í þessu kerfi. En ég veit líka dæmi þess, og það bara hér nálægt, um unga menn sem hafa getað þrjónað strandveiðarnar saman við byggðakvóta og fleira og gert sér atvinnu úr. Það finnst mér afar gott mál. Það gildir um þetta eins og annað í þessu lífi að það verður að sýna aðgát og fyrirhyggju.“

Sæfari klýfur ölduna og höfnin nálgast. Leikurinn æsist aðeins í spjallinu og nú man Steinn eftir smá sögu.

Hvað er smá hjartaáfall á milli vina

„Það gerðist hérna ekki fyrir löngu að einn ágætur trillukarl lenti í því að fá hjartaáfall í róðri. Hann gat látið vita af sér, frábað sér að vera sóttur en það væri gott ef fylgst yrði með honum. Svo setti karl á ferð, einar 14 mílur og það var svona ruglandi eins og núna og svo lagðist hann frammí. Kannski barningurinn og lætin hafi nú bara komið honum til góða frekar en hitt. Svo komst hann að bryggju og þar var hann drifinn í sjúkrabíl sem lagði strax af stað á sjúkrahús.“

Strákarnir í bílnum spurðu hann hvort ekki hefði verið erfitt að sigla í land. „Nei, það var ekkert svo slæmt, en það var annað verra og það var að ná inn fallhlífinni, rekakkerinu, það var alveg að drepa mig“. Strákarnir stórðu á hann í forundran og spurðu svo hvort honum hefði ekki dottið til hugar að skera hana einfaldlega frá. „Eru þið alveg frá ykkur! Þetta er splunkunú fallhlíf!“

Haldið að Hrauni

Klukkan var langt gengin í sjöttu stundina þegar við renndum inn í höfnina á Skagaströnd. Logn og blíða í landi, skjól af fjöllunum. Þeir bræður voru snöggir að landa þessum 400 kílóum og síðan var gengið frá bátnum. Ekki stóð til að róa aftur fyrr en 2. maí, ef veður yrði skaplegt.

Það var hins vegar ekkert skjól þegar komið var útá Skagatána. Þar buldi 18-20 metra austan rok, hrollkalt og gegnumnístandi. Í austrinu reis Tröllaskaginn eins og jökull úr hafinu, þar var bjart yfir.

Við Steinn gengum í bæinn að Hrauni II og þar tók á móti okkur eiginkona Steins, Merete Rabölle. Frammi í ganginum tók reyndar tíkin Táta á móti mér og í ljósinu fyrir ofan eldhúsborðið hékk dísarþafagaukurinn Leó og lét all ófriðlega. Ég fann strax af viðmóti Merete að ég var velkominn inn á heimilið. Hún hafði sett lambabóg í ofninn og var að leggja síðustu hönd á dúgrindis kvöldmáltíð sem við settumst að stuttu síðar.



ROTEXTM

VINNSLULAUSNIR Í FISKISKIP



AUKIÐ GEYMSLUPÓL
BETRI BLÆR Á FISKIHOUDI
STJÓRNUN Á DAUÐASTIRÐNUN
JÖFN GÆÐI

WWW.3X.IS

ÞVÍ AÐ GÆÐIN SKIPTA MÁLI




3X Technology Rotex skipakerfi

Í samstarfi við Matís, sjávarútvegsfyrirtæki, skipasmíðjur og önnur tæknifyrirtæki hefur 3X Technology þróað Rotex skipakerfi.

Rotex skipalausnin er sniðin þannig að hún henti flest öllum skipum og veiðiaðferðum, línubátum, lagnetabátum, ferskfisktogurum eða frystitogurum. 3X Technology hefur hannað sérlausn sem tryggir bestu mögulegu meðhöndlun á fiskafurðum. Ágæti búnaðarins hefur nú þegar sannað sig og viðskiptavinir 3X Technology hafa fengið betra mat á hráefni sínu og einnig hærra verð. Fiskimenn og framleiðendur hafa séð afgerandi gæðamun á ferskfiski, frosnum afurðum og saltfiski.

Með Rotex skipakerfinu fá menn öruggari yfirsýn á blóðgunar- og kælitíma sem felur í sér fullkomna stjórn á dauðastirðnun, bættu forgangsröðun í vinnslu, mun ljósari lit og minna los. Nýtingin verður mun betri fyrir vikið, fullkomin blóðgun bætir blæfisksins sem skilar hærra mati á léttsöltuðum og söltuðum fiski.



Með stórauknu og stöðugu geymslupóli afurðar er möguleiki á lengri veiðitúrum og hagkvæmari flutningsmáta. Það er ljóst að fullkomin blæðing og kæling skilar gæðunum alla leið til neytenda.

Rotex skipakerfið er einfalt í notkun með svokölluðu „ON-TRACK“ viðmóti sem nær einstakri nákvæmni á hitastigi vatns og krappa, orkunotkun sem og öðrum gildum er snerta vinnsluna og gæðaeftirlitið. Hægt er að safna gögnum aftur í tímann og tryggja þar með fullkominn rekjanleika. Nútímataækni gerir mönnum kleift að þjónusta kerfið í gegnum netið. Þjónustustöðvar 3X Technology er að finna í Reykjavík og á Ísafirði.

Árið 2013 afhenti 3X Technology 13 Rotex skipakerfi í allar stærðir og gerðir skipa.



STEINN RÖGNVALSDÖN að gera klárt fyrir Eversgrunnid

Það var síður en svo þagað yfir borðhaldinu. Ég byrja að þýfga þau um ættir og uppruna.

Steinn: „Ég fæddist inn á Sauðarkróki 8. október 1957. Faðir minn, Rögnvaldur Steinsson, fæddist á Hrauni 3. október 1918 og bjó hér alla sína tíð. Hann lést í október á síðasta ári. Móðir mín, Guðlaug Jóhannsdóttir, fæddist að Saurbæ í Lýtingsstaðahreppi 29. apríl 1936 og fluttist hingað 1956. Hún býr enn í sínu húsi hér á Hrauni. Langafi minn og amma fluttu hingað 1883 þannig að sama ættin hefur búið hér í 130 ár. Bæði afi og langafi stunduðu sjósókn samhliða landbúskap og var svo einnig með föður minn að hluta til.“

Merete: „Ég er dönsk og fæddist í Assens á Vestur-Fjóni 16. maí 1967. Faðir minn Jørgen Rabølle og móðir mín Karen Kristiansen tóku við búskap af ömmu minni í móðurætt sem þá var orðin ekkja. Mamma stundaði kennslu alla tíð og pabbi sá um búskapinn. Ég kom fyrst til Íslands 1990 í 5 mánuði en flutti alfarið haustið 1991, þá nýútskrifuð sem búfræðingur. Við Steini kynntumst fljótlega eftir að ég kom hingað og svo heppilega vildi til að hann var búinn að byggja þetta hús og það eina sem ég ákvað var liturinn á því. Reyndar tók ég eftir því strax að yfir hjá tengdapabba var ágætis gróðurhús og ég tilkynnti Steina það strax að

svona yrði ég að fá. Eins og sést þá stendur það hérna sunnan við húsið.

Svo liðu árin og okkur varð þriggja barna auðið, fyrst kom Herdís Guðlaug 1993, þá Karen Helga 1995 og loks Rögnvaldur Tómas 1997.“

Hvernig var fyrir stelpu frá Danmörku, þar sem umhverfið er væntanlega öllu vinalegra, að flytja hingað, alla leið norður undir heimskautsbauginn og hvernig leist foreldrunum á?

„Mér hefur alltaf liðið vel hérna og foreldrar mínir hafa alla tíð sýnt mér fullan stuðning. Þau koma reyndar á hverju ári og líkar mjög vel. Þau eru að auki alveg sérstaklega hrifin af íslenska matnum, sérstaklega fiskmetinu og hafa lagt talsvert á sig til að taka eitthvað af því með heim.“

Búskaparhættir?

Steinn: „Fyrst og fremst erum við með sauðfjárbúskap. Hjá okkur eru rúmlega 400 kindur á vetrarfóðrum, en svo erum við með nokkur hross, bæði til smalamennsku og ánægju. Þá sinnum við æðarvarpinu í samvinnu við móður mína, bróður minn og hans sambýliskonu, en hér er búið í þremur húsum. Við Merete tókum að mestu við hefbundnum búskap 1993.

Ég var á vetrarvertíðum á Rífi árin 1979-1986 á línu og netum. Flest ár frá 1986 hef ég gert út á grásleppu og á handfæri og línu síðan um 2000. Síðustu ár hef ég aðallega róíð á línu og þá frá Skagatrönd.“

Hvað með önnur störf en búskap og sjómennsku?

Merete: „Hjá Steina hafa þessar tvær starfsgreinar verið fyrirferðamestar. Reyndar sóttum við póst á Sauðárkrók frá því um 1980 og dreifðum í sveitina, en hættum því fyrir þremur árum. Áður en ég flutti til Íslands vann ég úmiskonar sumarstörf með skólanum. T.d. fór ég 8 mánuði til Ástralíu eftir stúdentsprófið 1986 og vann þar á kúabúi. Þar varð mér ljóst að bústörf höfðuðu mjög til mín.“

Í seinni tíð hef ég verið að aðstoða grænenska sauðfjárbændur við að nota íslenska fjárræktarforritið Fjávís, bæði með kennslu á Grænlandi, en nú orðið að mestu í gegnum netið.

Ég hef smávegis tekið að mér þýðingar en á síðustu árum hef ég lagt aukna vinnu í markaðssetningu á æðardúnsængum.“

Að kvöldverðinum loknum bauð húsbóndinn uppá kaffi og stuttu síðar gengum við til stofu. Kvöldið var enn bjart og austan bálið lamdi haf og land af stakri eljusemi. Hitastigið rétt yfir frostmarki. Steini varð tíðrætt um veðrið. Apríl var ótrúlega góður, en fram að því var veturinn erfiður, svo mjög að hann mundi ekki annað eins. Hins vegar hafði ekki fest mikinn snjó á láglandinu og ófærudagar harla fáir, sem er mikil breyting frá því sem áður var.

Þegar keyrt er niður fyrir þjóðveginn vekur strax athygli gríðarstór manngerður grjótgarður á sjávarkambinum. Hann var hlaðinn snemma á síðustu öld, því sjór gekk svo hraustlega á land að það þurfti að verja bæina og túnin með öllum tiltækum ráðum. Árið 1934 gekk hins vegar á með þvílíku stólpabrimi að garðurinn stórskemmdist og mikill sjór flæddi í lónið innan kambins. Öll mannvirki og jarðgæði voru í stórhættu.

Við þetta var ekki hægt að búa og svo fór að fé fékkst til að styrkja og hækka garðinn. Hann hefur haldið síðan.

Hraun er engin smáspilda?

Steinn: „Nei, þetta er stór jörð, en hversu nákvæmlega er fremur erfitt að svara. Hún er örugglega um 2.000 hektarar og sennilega meira. Og hér er úmíslegt umfram hefðbundnar grasnytjar svo sem silungsveiði, trjáreki og núorðið talsvert æðarvarp sem hefur verið í vexti.“

Ég hygg að margur borgarabúinn telji að búsetu á stað eins og Hrauni fylgi óhjákvæmilega einangrun og einmannaleiki. En hvernig upplifið þið þetta?

Steinn: „Því fer fjarri að ég upplifi slíkt. Þetta er mitt heimili, mitt hlutskipti og val. Ef maður er sáttur við þær staðreyndir, þá líður manni vel. Svo hafa hlutirnir náttúrulega breyst svo mikið í gegnum árin. Samgöngurnar batnað mikið og öll fjarskipti orðin eins hér og svosem hvar annars staðar.“



SKAGATÁARVITI Hraunsbirnan gekk á land rétt hjá. Lústi hann henni leiðina?

Merete: „Svo er annað. Hér kemur, sérstaklega á sumrin, mikill fjöldi fólks, bæði sem er að skoða sig um og að fara í veiði upp í vötnin. Sumir sem hafa kíkt í heimsókn, sérstaklega Danir, hafa furðað sig á því, sitjandi við eldhúsgluggann og fylgst með bílastraumnum heim að húsinu hennar tengdamömmu, hversu mikil umferðin er. Einn daginn tóku á henni hús

hvorki meira né minna en 50 manns, svo hún hefur nú varla upplifað mikla einangrun þann daginn. Við erum stundum spurð að því hvort okkur finnst ekki langt inná Sauðárkrók og jú vissulega getur manni fundist það, þetta er alveg hálf tíma keyrsla. En hvað eru þeir sem búa í úthverfum Reykjavíkur og þurfa kannski að koma börnum í skóla og svo sjálfu sér í vinnu á eftir, lengi að því? Ég þekki fólk sem þarf að lágmarki klukkutíma til þess arna.“

Nú gerðust samræðurnar afskaplega gáfulegar og ég setti mig í stellingar með kaffikönnuna og reyndi að orða yfirhlaðna spurninguna.



MERETE RABÖLLE stendur hér sunnanvert við æðarvarpið. Fuglinn mættur og að undirbúa varp

Þið sem búið hér í þessari opnu og stórfenglegu náttúru og eruð áreiðanlega mjög meðvituð um þá krafta sem hún býr yfir og skynjið því væntanlega mjög vel smæð mannsins, hvað finnst ykkur um að þurfa að búa við þær takmarkanir sem stjórnvöld setja, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði?

Lifum í sátt

Steinn: „Ég á ekkert erfitt með að sætta mig við þetta. Í sjávarútveginum tel ég að það þurfi einhverja stjórnun, þótt deila megi um hvernig hún eigi að vera. Ég væri t.d. mjög sáttur við frjálssræði fyrir menn á eigin bátum sem fengju að róa með t.d. tvær rúllur yfir sumarmánuðina. Það myndi ekki breyta nokkrum sköpuðum hlut,

annað en að margir gætu dundað við þetta sér til ánægju, heilsubótar og einhverra tekna.“

Merete: „Það ber að hafa í huga hvernig þróunin hefur verið. Afi Steina réri á árabát en í dag eru menn með mikið af tækjum um borð í bátunum sem fyrri kynslóðir höfðu ekki. Getan til að veiða er því margföld.“

Steinn: „Hvað varðar landbúnaðinn, þá verða menn ætíð að hafa í huga að ofgera ekki landinu – rétt eins og að við megum ekki ganga of nærri náttúrunni í hafinu. Hitt er svo annað mál að ég tel enga áhættu í því að veitt yrði talsvert meira, sérstaklega af þorski og úsu.“

En grásleppan. Nú hefur Hafró skyndilega miklar áhyggjur af henni.

„Ég tel enga ástæðu til að hafa þessar áhyggjur. Grásleppuveiðarnar hafa alla tíð einkenst alveg sérstaklega af því að vera sveiflukenndar. Sem dæmi, þá var veiðin hér í fyrra með eindæmum góð, en nú afspyrnu léleg. Ég man eftir því, sem sýnir glögglega þessar sveiflur að 1987, þegar við áttum litla Færeyinginn, að það ár fengum við 70 tonn, en árið eftir ekki nema 4 tonn. Árið þar á eftir var veiðin svo eðlileg, ef hægt er að nota það orð um veiðiskap.“

En þrátt fyrir að veiðin sé slök um þessar munir hér, þá er því er ekki svo farið allsstaðar. Bara hérna hinu megin á Ströndum er veiðin svo mikil að menn muna ekki annað eins. Hitt er svo annað mál, að ég hef áhyggjur af þessum uppsjárveiðum. Sú spurning hlýtur að kvikna þegar staðan fyrir austan er skoðuð, hvort þær eigi hlut að máli. Þarna austur frá var kannski oftast en annars staðar hægt að ganga að góðri veiði vísri, en því er ekki lengur til að dreifa. Maður veltir þessu fyrir sér.

Einhverjir hafa stungið upp á því að kvótasetja grásleppuna. Ef það verður gert, þá held ég að maður geti gleymt þessu.“

Hvað með hákarl. Hefur þú reynt fyrir þér í þeim veiðiskap?

„Nei, en það gerði hins vegar Steinn afi minn. Og það er til mergjuð saga af honum. Ég tel víst að hann eigi metróðurinn í hákarlaveiðum. Þeir voru á sexæring og þeir voru ekki með lóð,



SKIPST Á SÖGUM Á STÍMINU Það lá með á kaptaininum og hann reitti af sér sögurnar

heldur notuðu bara vað – sem er í raun handfæri. Í þessum fræga róðri veiddu þeir hvorki meira né minna en 84 hákarla. Þeir komu þessu ekkert einir í land og það var bátur sem ferjaði hluta aflans fyrir þá. Aðallega var verið að sækjast eftir lifrinni og því einhverju sleppt niður eftir að hún var tekin og svo var hengt í bátinn. Þeir lentu í talsverðum vandræðum með að komast í land, slitnuðu frá bóli sem þeir lágu við og rak stjórnlaust hér inn fjörðinn. En þetta fór allt vel á endanum.“

Nú voru stærðarmörk í krókaflamarkinu mikið hitamál fyrir stuttu síðan. Hver er þín afstaða í því máli?

„Mér er engin launing á því að ég var þessu frekar mótfallinn. Ég tel að þetta sé í raun ekki orðin smábátaútgerð lengur. Slík útgerð var fyrst og fremst hugsuð í kringum einyrkjana og smærri útgerðir. Ég get skilið rök þessara manna sem vildu þessa stækkun, en þeir gátu sem best farið yfir í aflamarkið. Kannski er það versta í þessu, að sumir þeirra eru mjög skuldugir og þá fara hlutirnir að vinda upp á sig með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Það rifjast upp fyrir okkur að árið 1986 þótti það ganga göldrum næst að Ragnar á Esjari – „Raggi á horninu“ aflaði 300 tonna yfir árið á lítinn bát. Í dag eru afkastamestu bátarnir innan smábátaflotans að veiða um 2.000 tonn.

Steinn, þú hefur tekið umtalsverðan þátt í félagsmálunum.

„Ég hef lengi verið í stjórn Skalla, smábátafélaginu á Norðurlandi vestra, lengst af sem gjaldkeri. Mér hefur þótt mjög gaman að taka þátt í þessu, þetta er svo frábær félagsskapur. Mér líður allt að því eins og á jólum þegar ég hitti þessa vini mína á haustin. Hvort ég verð í þessu mikið lengur veit ég ekki og finnst kannski tími til kominn að aðrir taki við. Tíminn leiðir þetta í ljós.“

En þú, Merete?

„Það er nú ekki mikið. Ég er reyndar í stjórn Skagfiskra sveitarbænda – og svo er ég í sóknarnefndinni. Sóknin er reyndar svo lítil að við höfum engan kór og það syngur bara hver með sínu nefi.“

Merete hlær smitandi hlátri.



SÉD HEIM AÐ HRAUNI II. Í BAKSÝN ER TRÖLLASKAGINN, HVÍTUR SEM JÖKULL Í BYRJUN MAÍ.

En hvernig líst þér á þessi íslensku kvótakerfi?

„Nú verð ég að viðurkenna að ég er alger landkrabbi og kynntist ekki sjó fyrr en ég kom hingað. Ég veit ósköp lítið um kerfið í sjávarútveginum, nema það sem ég heyrí í fjölmiðlum. Steini hugsar um þessi mál. Ég fór aðeins á sjó með honum áður en ég eignaðist börnin, en ég held varla að ég verði nokkurn tíma einhver hörku sjómaður.“

Steinn: „Ég þarf að fara að taka hana með aftur. Börnin svona nokkurn veginn flogin úr hreiðrinu.“

Fleira á ferð en það sem augað sér

Þið eruð rétt sunnan við þá breidd á hnettinum þar sem sólin rís ekki alla daga ársins. Er ekki klassískt að spyrja hvort þið hafið orðið vör við eitthvað sem ekki verður útskýrt með venjulegum hætti, í þessu mikla myrki?

Steinn: „Já, ég get ekki alveg svarið fyrir það. Mér er mjög minnisstætt að fyrir allnokkrum árum varð maður hér í sveitinni bráðkvaddur. Ég er ekki í vafa um að ég varð var við hann

í smá tíma á eftir. Er ekki sagt að fari fólk skyndilega, þurfi það smá tíma til að sætta sig við það og átta sig á breytingunni. En að öðru leyti hafa hlutirnir verið afskaplega friðsamir. Ég velti þessu reyndar ekki mikið fyrir mér. Við teljumst sjálfsagt svona í meðallagi trúað fólk og erum þokkalega kirkjurækin.“

En hjátrú?

„Ég skal viðurkenna að ég er svolítið hjátrúarfullur hvað varðar sjóinn. Þannig vil ég alls ekki byrja róðra á mánudegi. Það kemur bara ekki til mála. En hvað búskapinn varðar er mér slétt sama. Gömlu karlarnir máttu ekki til þess hugsa að byrja slátt á mánudegi, en ég læt mér það í léttu rúmi liggja.“

Kvöldið leið og enginn hörgull var á umræðuefni. En allt hefur sinn tíma og um miðnættið gengum við til náða. Austan beljandinn hafði aðeins gefið eftir og spáin var góð.

Bjartur dagur

Klukkan ½ 8 varð ég var við fótaferð og dreif mig á fætur. Ég leit út um gluggann, dottið var á dúnalogn og ægifegurð umhverfisins tróndi í kring. Sólbjartur dagur framundan.

Við settumst við girnilegt morgunverðarborð og ég spurði hvernig deginum yrði háttað.

Steinn: „Hér skortir aldrei verkefni. Nú er sauðburður alveg að bresta á, ætli það verði ekki 5.-6. maí sem það gerist. Nú, það þarf að sjálf-sögðu að sinna ánum og gefa á garðann, eitt-hvað þarf að huga að æðarvarpinu og ditten datten.“

Já þú segir það. Merete, hvernig er Steinn að standa sig í dönskunni?

Merete: „Bara mjög vel. Hann er ekki í neinum vandræðum með þetta.“

Steinn: „Ég er oft spurður að þessu og ég hef svarað því til að það væri nú skárra að geta ekki rifist við tengdamóðurina. Ekki að til þess hafi komið, en þetta afgreiðir spurninguna.“

Að loknum morgunverði var ekki til setunnar boðið. Ég og Merete ákváðum að ganga út í æðarvarpið, en Steinn var á leiðinni að gefa ánum. Við gengum norðureftir og Merete fór með mig upp á lítinn hól, tiltölulega nálægt bænum. Efst í hólnum er lítil laut sem nú heitir Bangsahola. Hún ber nafn með rentu, því þegar ísbjörninn gekk á land við Hraun í júní 2008, lagðist hann til hvílu í þessari laut. Björninn vann lítið ef nokkuð tjón á æðarvarpinu. Hann náði einni kollu milli hrammanna, en var svo aðframtómur af þreytu að hann missti hana frá sér. Bjóssi var felldur hinn 17. júní 2008.

Æðarvarp þeirra hjóna er myndarlegt og eins og allt sem fyrir augu ber á Hrauni, fagmannlega gert og snyrtilegt. Í síðasta varpi voru um 3.000 hreiður, þannig að það er með þeim stærri á landinu.

Merete greinir mér í smáatriðum frá því hvernig dúntekjan fer fram og ég verð hugsí yfir þeirri feiknarlegu vinnu sem fólkið á þessum bæjum leggur á sig til lífsviðurværis. Þetta er ekki vænlegt fyrir aukvísu. Hér þarf að hafa bein í nefi og sterkan vilja. Þau hjón beinlínis geisla af hvoru tveggja.

Fuglinn myndi fara að setjast upp allra næstu daga. Hann var farinn að hópast á lónið sem varpið liggur með.

Ég renndi yfir að fjárhúsunum þar sem Steinn var á þönum við að sinna skepnunum. Þarna lágu þær, ótrúlega þrifalegar og kasóléttar, sorteraðar eftir því hvort þær voru með eitt, tvö eða þrjú lömb á leiðinni. Hafi ég einhverntíma séð snyrtilegt fjárhús og sauðfé, þá var það þarna.

Eftir að hafa ráfað um stund og heilsað uppá bústofninn, rölti ég niður að grjótgarðinum og þaðan niður í fjöru. Hér náði friðsældin jafnvel nýjum hæðum. Báran gutlaði við fjörugrjótið og kannaðist ekkert við lætin sem voru í henni deginum áður. Mér komu í hug orð sem ég hafði lesið á minnisvarða sem stendur fáeina metra fyrir ofan veginn, beint á mótí Hrauni, en þar stóðu orðin sem eru titillinn á þessum skrifum:

„Út við ysta hafið þitt aldrei kyrrðin dvínar“

Það var farið að stytast í hinn endan á þessari ánægjulegu heimsókn. Ég hafði beðið þau hjón að gera mér þann greiða að stilla sér upp fyrir svolítið sérstaka myndatöku. Merete skyldi halda á nýfæddu lambi – tákni landbúnaðarins – og Steinn á vænum þorski – tákni sjávarútvegsins. Þar sem engin áнна var borin á Hrauni, var keyrt inn að bænum Tjörn sem er á vestanverðri Skagatánni. Þar var fengið lánað lamb undan tvílembu og húsmóðurin, sem reyndar er menntuð sem ljósmóðir, brosti sínu breiðasta yfir tiltækinu.

Afraksturinn er á forsíðu blaðsins.

Ég kvaddi þau Stein og Merete með söknuði. Sem ég renndi inn Skagatána var ég þó glaður og þakklátur í hjarta að vita til þess að annað eins úrvalsfólk séu landar mínir. Sólin skein í heiði og ég óskaði þeim í huganum alls hins besta um ókomna tíð.

Arthur Bogason



Er virkilega búið að fórna okkur á altari sjálfbærrar þróunar?

Fórnarlömb sjálfbærrar þróunar

Eftir að skemmtanahald í boði stjórnvalda og Hafrannsóknastofnunar í Kolgrafafirði fór að missa aðdráttarafl hefur verið ágætis sárabót að fá að fylgjast með vaxandi snilldartilþrifum forráðamanna okkar Íslendinga í hinni svokölluðu makríldeilu. Ef maður hefði ekki áhyggjur af lundanum og kríunni gæti maður jafnvel haldið áfram að skemmta sér yfir dásamlegri rökleysunni sem haldið er fram til að viðhalda greinilegri ofbeit á Íslandsmiðum.

Lotningarsvipurinn sem fylgir yfirlýsingum um ábyrgar fiskveiðar sem taki mið af vísindalegri ráðgjöf er slíkur að hann myndi sóma sér vel á altaristöflum miðalda meistaranna og jafnvel verðskulda undirleik á pípuorgel í bar-rokk-stíl, svo mikilfenglegur er hann.

Hvar eru umhverfisverndarsinnarnir þegar kemur að því að hugsa um hagsmuni fórnarlamba hinnar nýju trúar? Hver á að hugsa um sandsílið, kríuna, lundann og landann (Íslenskan almenning)? Er svo komið að þessir aðilar eigi sér engan málsvara í Íslenskri pólitík?

Jólasíldin

Í Kolgrafafjörðinn hún kom sér í skjól þar kuldinn var nægur og seiðandi ætlaði að halda þar afslöppuð jól frá uppsjávarflotanum veiðandi

En Landhelgisgæslan með látum, já takk, á loftfylltum tuðrum kom þjótandi dúndraði alls konar dóti sem sprakk

dansandi kínverjum skjótandi Forðum við síldina söltuðum grimmt

á Sigló og austur á fjörðum

nú er í mannheimi dapurt og dimmt duglausir stafir í gjörðum

Mín grundvallarkenning um alheiminn er sem auðvelt mér reynist að sanna

að ekkert er sjálfbært í heiminum hér nema heimska og fáfræði manna

Þó fórnarlömb sjálfbærrar þróunar eigi sér fáa málsvara er þó bót í máli að sjá að fórnarlömb sjálfkærrar fróunar láta ekki vaða yfir sig á skítugum skónum. Seðlabankastjórinn okkar hefur átt í vök að verjast gegn ágangi óþjóða-

Lýðs sem ógnar grundvelli seðlabankaheimsins og vill draga í efa að seðlabankinn megi stunda málaferli á hendur sjálfum sér til að fá úr því skorið hvort hann megi til framtíðar litið borga stjórnendum sínum hærrí laun en samningar og lög kveða á um. Ekki bætir úr skák að sumir halda því jafnvel fram að seðlabankinn hafi ekki efni á að fjármagna hagnaðarrekstur bankanna með háum stýrivöxtum. Hvílík ósvífni! Þessu verður að svara strax ef ekki á illa að fara í öllum bankaheiminum. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að það kostar að halda afturgöngum í umferð og svo verða menn líka að viðurkenna rétt drauganna í velgengni afturganganna svo ekki sé talað um rétt stjórnenda beggja fyrirbæranna.

**Er eitthvað mélinu muldara,
mannlegum skilningi duldara
og heilbrigðri skynsemi huldara
en heilabrot forfallins skuldara?**

Þessar vangaveltur mínar um stöðu hinnar akademísku veraldar á Íslandi þ.e. vísindaheimsins, seðlabankaheimsins og afturgönguheimsins hafa leitt mig til þeirrar spurningar hvort nokkuð geti verið sjálfbært á Íslandi eftir að Sæmundur sveik flutningssamninginn um árið með bókarhöggi.

Glataðar sálir

Akademísk þekking á andskotanum reið um úthafið til fyrirheitna landsins í klofinu var selurinn klókur alla leið klemmdur fast við ósasvæði hlandsins Þau höfðu náð að semja um sanngjörn farargjöld hvar sálin var að lokum höfð að veði akademísk þekking var æðrulaus og köld andskotinn var fullur sigurgleði Er ferðin var á enda hún barði hann með bók sem borið hafði með sér yfir hafið víst hún þóttist ráðagóð viskufull og klók verður tæpast það af henni skafið Hún er svíkur andskotann svíkur eflaust flest svíkur jafnvel fátæka og lasna fái hún í klofið kláran reiðarhest klókan sel eða heimskan asna Þeir sem hyggjast berja sig frá samningum með bók og bæta við sig þrælsins svíku töxtum ættu fyrst að hugleiða hve eilífðin er klók að endurheimta lánin sín með vöxtum.

Lifið heil, Sveinbjörn Jónsson

VEÐUR-APPIÐ

Veðurstofa Íslands

Veður Veðurstofa Íslands

www.vedur.is



Gildi lífeyrissjóður – siðareglur, ársfundur og viðhorf

Hnykkt á innihaldi siðareglna Gildis

Á ársfundi Gildis lífeyrissjóðs sem haldinn var 30. apríl 2014 var tekin fyrir tillaga til ályktunar sem undirritaður hafði áður sent stjórn sjóðsins (sjá meðfylgjandi við þessa grein). Tillagan lítur að siðferðisreglum sem Gildi hefur sett sér varðandi fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í. Sjóðurinn hefur frá febrúar 2011 átt ráðandi hlut í Högum. Greinilegt var að stjórnin hafði ekki kynnt sér launakjör æðstu stjórnenda fyrirtækisins áður en hún tók ákvörðun um að fjárfesta í Högum, en með henni voru siðareglur sjóðsins brotnar.

Skýr skilaboð frá fundinum

Frá þeim tíma hefur að sögn forsvarsmanna sjóðsins verið reynt að gera bót og betrun sem ekki hefur skilað sjáanlegum árangri ef marka má launakjör forstjóra og forvarsmanna Haga. Af þessum ástæðum ákvað ég að leggja

tillögu fyrir æðsta ákvörðunarvald sjóðsins þar sem gefin yrðu skýr skilaboð til stjórnar hans. Eins og við var að búast varð uppi fótur og fit í valdabúri hans varðandi tillöguna. Þetta merkti ég greinilega í aðdraganda fundarins og á honum sjálfum. Fundarstjóri var þar mættur til að segja fundinum að tillagan túlkaði ekki afstöðu stjórnarinnar og hún yrði erfið í framkvæmd vegna annarra samþykka. Þrátt fyrir alls konar vangaveltur andstæðinga tillögunnar voru skilaboð fundarins skýr, hann vill að tekið sé á óhófi í launamálum nú þegar.

Skiptir þar engu þó málsmeðferðartillega fundarstjóra hafi verið samþykkt um að tillögunni yrði vísað til stjórnar sjóðsins - „sem taki hana til efnislegrar meðferðar í samræmi við og samkvæmt samskipta- og siðareglum og hluthafastefnu sjóðsins.“

Þögulir fulltrúar sjóðfélaga

Það kom mér á óvart á ársfundinum hversu fulltrúar eigenda sjóðsins voru þögulir þegar rætt var um tillöguna. Aðilar sem eru nýbúnir að rita undir kjarasamning við atvinnurekendur um 2,8% launahækkun og ættu því að láta sér óhóf í launamálum til sín taka þegar litið er til þess að lægstu taxtar Eflingar kveða á um 201 þúsund kr. í mánaðarlaun.

Á þessu vil ég vekja athygli þar sem mér finnst að með þögn sinni gefi þeir skilaboð um lítinn áhuga á að virða siðareglur sjóðsins. Þeir sinna ekki þeirri skildu í stjórn sjóðsins að koma í veg fyrir að sjóðurinn fjárfesti í fyrirtækjum sem ofbýður siðferðisvitund sjóðfélaga varðandi launakjör forstjóra og forsvarsmanna. Fulltrúar þeirra í stjórn eiga fyrir löngu að vera búnir að láta sverfa til stáls í þessum efnum. Brýning hér verður vonandi til þess að þeir taki nú til hendinni og láti þessa hluti ekki viðgangast öllu lengur.

Siðferði – grein 5.4. – atkvæðagreiðsla

Við meðferð tillögunnar á ársfundi Gildis kom í ljós áhugaverður flötur sem vert er að gefa gaum að. Stjórnarformaðurinn, sem þetta árið var fulltrúi atvinnurekenda, beitti sér gegn samþykkt tillögunnar. Þegar staða mála var þannig á fundinum að allt benti til að um tillöguna yrðu greidd atkvæði, krafðist formaðurinn þess að við atkvæðagreiðsluna yrði grein 5.4. höfð til hliðsjónar. Greinin fjallar um atkvæðagreiðslu á ársfundi og orðast svo:

„Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélagu greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.“

Ekki kom þó til þess að atkvæðagreiðsla yrði með þeim hætti þar sem mál þróuðust þannig, eftir að fundarstjóri hafði sett fram málsmeðferðartillögu, að formaðurinn dró tillögu sína um skipta atkvæðagreiðslu til baka.

Það að formaðurinn hafi krafist þessa sýnir glöggð hversu langt skal gengið í stjórnun sjóðsins af fulltrúum þeirra sem ekki eru eigendur hans. Í raun gerir greinin það að verkum að eigendum sjóðsins er það ómögulegt að fá samþykktar tillögur á ársfundi öðru vísi en með samþykki atvinnurekenda, þeirra sem eiga ekkert í sjóðnum og njóta engra réttinda þar.



ÖRN PÁLSSON hefur verið ötull á aðalfundum Gildis undanfarin ár

Enga hugmynd hef ég um tilurð þessarar greinar, en það að beita henni við þessar aðstæður segir mér að engin siðferðileg mörk eru á því hve langt skal seilst til að komast fram hjá reglum og skiptir það engu þó um bætt siðferði sé að ræða.

Í ljósi þessarar grímulausu aðfarar að rétti eigenda sjóðsins um ályktanir á aðalfundi tel ég augljóst að stjórn Gildis leggi fyrir næsta ársfund að „Þó“ kafla greinar 5.4. verði felldur úr gildi.

Er þetta þess virði?

Þegar ég settist niður til að undrbúa mig fyrir ársfund Gildis leituðu á mig spurningar um hvað ég væri eiginlega að skipta mér af þessu. Væri ekki allt í lagi með sjóðinn? Hann búinn að skila jákvæðri raunávöxtun tvö ár í röð, væri vel rekinn og fleira jákvætt í þeim dúr. Í vangaveltum mínum flugu einnig í huga minn spurningar um hvort einhver tæki mark á þessu, væri



ekki litið á þetta sem hvert annað nöldur og þá stutt í kverúlantastimpilinn. Ég reif mig upp úr þessum hugleiðingum þegar svör hrönnuðust inn um hverju hefði veri breytt sem ég hefði vakið athygli á og það þrátt fyrir að allar fyrir tillögur mínar hafi verið felldar á ársfundum sjóðsins.

- Athugasemdir um endurskoðun ársreikninga sjóðsins; gríðarlegur kostnaður og endalaust sama fyrirtækið með áskrift af endurskoðun.

Á ársfundinum 2013 var samþykkt að leita eftir tilboðum í endurskoðun fyrir sjóðinn. Tekið var besta tilboðinu. Að ársreikningi 2014 koma nýir aðilar.

- Gagnrúni á stefnu Gildis að eiga ekki fulltrúa í stjórn fyrirtækja sem fjárfest væri í og eignarhlutur ráðandi.

Úr ársskýrslu Gildis 2013:

„Sjóðurinn samþykkti í mars á síðasta ári nýja hluthafastefnu og hefur unnið eftir henni í kjölfarið. Til að fylgja betur eftir fjárfestingum sjóðsins, og sem hluta af áhættueftirliti, var mörkuð sú stefna að skipa stjórnarmenn þar sem sjóðurinn á rétt á, annað hvort einn og sér eða með því að styðja aðra í kosningum. Þannig hefur sjóðurinn tekið þátt í að tilnefna eða styðja stjórnarmenn í nokkrum félögum.“

- Gagnrúni á fjárfestingar í erlendum vögunarsjóðum og lögmæti þess.

2008 voru 12 milljarðar af verðbréfaeign sjóðsins í vögunarsjóðum eða 5,7%.

2013 voru 72 milljónir af verðbréfaeign og innlánnum í vögunarsjóðum.

„Eign Gildis í vögunarsjóðum var hverfandi á árslok 2013“ (úr ársskýrslunni).

- Tillga um aukið lýðræði hins almenna sjóðfélaga og kosning á ársfundi á grundvelli framboðs.

Úr skýrslu úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða 2013:

„Óeðlilegt virðist að eigendur lífeyrissjóðanna (sjóðfélagar) eigi almennt ekki fulltrúa í stjórnun sjóðanna og hafi enga aðkomu að því hverjir sitji þar (Sjá kafla 5.2.2).

- Úttektarnefndin leggur til að lífeyrissjóðir á almennum markaði og opinberum móti sér þá stefnu að einn eða fleiri stjórnarmenn séu kosnir beinni kosningu á ársfundi lífeyrissjóðsins. Fimm árum héðan í frá verði reynslan af þessu fyrirkomulagi metin og athugað verði hvort lengra skuli haldið.“

Dropinn holar steininn.

Ég hvet sjóðfélaga til að fylgjast vel með lífeyrissjóðamállum, of seint er að gera það þegar taka lífeyris er hafin!

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátæigenda

Tillaga til ályktunar á ársfundi Gildis 30. apríl 2014

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs samþykkir að á næsta stjórnarfundum Haga muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækisins bera fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Haga samþykkir að ráðningasamningur við forstjóra fyrirtækisins verði tekinn til endurskoðunar þannig að mánaðarleg laun, hlunnindi og árangurstengdar þóknanir fari ekki umfram

3,0 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækisins teknir til endurskoðunar þar sem sambærilegar greiðslur verði innan hóflegra marka.“

Greinargerð:

Í samskipta og siðareglum fyrir stjórn og starfsmenn Gildis lífeyrissjóðs segir m.a. eftirfarandi:

„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.“

Gildi lífeyrissjóður á 10,32% í Högum. Samkvæmt Ársskýrslu Haga 2012 - 2013 eru mánaðargreiðslur til forstjóra fyrirtækisins 6 milljónir.

Óumdeilt er að slík ofurlaun rúmast ekki innan framangreinds ákvæðis í siðareglum Gildis lífeyrissjóðs.“

Reykjavík 23. apríl 2014

Örn Pálsson

Sjóðfélagi og fulltrúi í fulltrúaráði Gildis lífeyrissjóðs





Veiðimannasamfélagin við Miðjarðarhafið

Frakkland

Miðjarðarhafið. Við sem búum á frönsku ströndinni finnst við þekkja það, jafnvel með hjartanu. Glitrandi öldur, hvítir steinar, furutré og ólífutré...

En samt eru þar vel varðveitt leyndarmál, jafnvel þar sem þeirra er síst von. Sum þeirra eru jafnvel undirstöðuatriði í sögu og menningu viðkomandi svæða.

Einn slíkur falinn gimsteinn er fyrirkomulag sem lítur að stjórn á nýtingu auðlinda hafsins við Miðjarðarhafsströnd Frakklands. Þetta fyrirkomulag hefur staðið hvorki meira né minna en í tíu aldir.

Fiskimennirnir sem þar búa halda um stjórnvölinn. Þeir kallast „prud’homies“ og eru borgaralega kosin ráð sem gegna því hlutverki að stjórna sameiginlegum efnahagslegum hagsmunum fiskimanna og úrskurða í þeim tilfellum þegar vandamál eða ágreiningur rís. Í tilfelli franskra fiskveiða er „prud’homies“ fyrirkomu-

lagið einkennandi fyrir strandveiðarnar við Miðjarðarhafið. (Það er ekki auðvelt að finna íslenska þýðingu á „prud’homies“. Í þessari grein verður notast við „Veiðimannaráð“. – Innsk. þýðanda).

Hvað er „Prud’homies“?

Þetta fyrirkomulag er innblásið af viðskipta-háttum og -gildum miðalda. Veiðimannaráðin skilgreina afmörkuð samfélög fiskimanna sem róa sjálfir sínum bátum. Þá velja þau menn úr sínum hópum til að gegna forystu (prud’hommes) og honum falin stjórnun fiskveiðanna á sínu svæði með reglugerðum, lögsögumörkum og beitingu viðurlaga.

Þessi staðbundna stjórnun hefur sýnt sig að vera stöðug og lifandi hvatning til að stjórna veiðunum á einfaldan, skjótvirkan og hagkvæman hátt, sem og að leysa fljótt úr ágreiningsefnum sem oftast koma upp á þeim svæðum þar sem þröng er á þingi.

Samfélög frumbyggja- smábátaveiðimanna eru dreifð um alla ströndina. Þau gegna lykilhlut-

verki í vöktun og varðveislu hafsvæðanna og með daglegri þátttöku í mannlífi hafnanna eru þau hornsteinar í menningar- og sögulegu tilliti.

Skilgreining á veiðisvæðum

Veiðimannaráðin eru 33 og þar með jafn mörg skilgreind svæði sem ná yfir alla Miðjarðarhafsströnd Frakklands, sem er um 620 km löng. Fjögur svæðanna eru á Korsíku, eyinni fallegu undan suðurströnd Frakklands. Hún er innan við 9 þúsund km², en með svipaðan íbúafjölda og Ísland.

Hvert fiskveiðisvæði er ákvarðað með landamerkjum: þar sem einu svæðinu sleppir tekur næsta við. Svæðin hafa mótast af síðum og deiliskipulagi samfélaganna. Sum svæðanna hafa orðið til við uppskiptingu strandlengjunnar.

Stærð yfirráðasvæðanna er mjög mismunandi. Sum eru stór vegna þess að fáir veiðimenn stunda þar veiðar meðan ástæðan annarsstaðar er sú að enginn hefur gert tilkall til þeirra. Gott dæmi um slíkt svæði er Martigues svæðið (sjá mynd).

Stjórnskipulag

Ákvarðanir eru teknar af forystumanni eða aðalfundi. Þar sem veiðimennirnir hittast daglega getur formaðurinn ekki tekið ákvarðanir án stuðnings meirihluta félaganna.

Allar ákvarðanir skulu grundvallaðar á þeim meginreglum samfélagsins að virðing sé borin fyrir þeim einstaklingum sem hlut eiga að máli og ekki síður með komandi kynslóðir í huga. Þessar ákvarðanir eru síðan sendar munnlega frá manni til manns í höfnunum, helst í stuttum frösum til að reyna ekki um of á minni manna. Dæmi:

„...ein veiðiaðferð þarf ekki að útiloka aðra. Af virðingu við lífsviðurværi viðkomandi á frekar að stjórna fiskveiðum en banna þær...“. „...ef veiðin gengur illa hjá einum þarf hún ekki að gera það hjá öllum...“ „...það er best að láta þessa tegund hvílast...sjóinn á ekki að tæma, heldur ætlum við að lifa af honum og vernda fyrir börnin okkar...“

Í reynd hafa reglurnar tilhneigingu til að koma til móts við þá sem hafa minnsta afkastagetu: gefa þeim sem minnstum tækjum eru búnir tækifæri til að lifa af sínum fiskveiðum.

Sanary veiðisvæðið

Sanary svæðið nær á landi frá mynni Grand Vallat dalnum til Reppe árinna (sjá mynd) og á sjó alla leið að mörkum franskra efnahagslögsögu. Milli Grand Vallat og Reppe er ströndin hrjóstrug og klettótt. Þar framaf tekur landgrunnið við sem nær aðeins um fjórar mílur út þar sem landgrunnsbrúnin tekur við. Hún er tiltölulega mjótt beltí en fiskveiðar stundaðar þar engu að síður. Utar eru stundaðar djúpsjáv-arveiðar allt að 30-40 mílur frá ströndinni.

Þessar aðstæður henta vel til smábátaveiða annars vegar og djúpsjárveiða hins vegar. Botngerðin er fjölbreytt, sandur nærri ströndinni, þara- og klettabelti utar og víða eru leirflákar innan um harðan botn.

Nokkur svæði eru skilgreind sem fiskihólf. Þar er um að ræða bletti þar sem fiskur hefur haldið sig öldum saman.

Lionflóinn stendur opinn fyrir vindátt sem kallast Mistral en það eru kaldir og sterkir Norð-vestan vindar sem standa ofan í flóann frá Suður-Frakklandi. Sjómenn fara heldur ekki varhluta af austan beljanda sem takmarka ekki síður fjölda veiðidaga.

Markaðsfyrirkomulagið er með þeim hætti að stærstan hluta aflans selja veiðimennirnir á hafnarbakkanum beint til viðskiptavina, en á þeim er enginn hörgull.

Samfélagið

Í dag samanstendur veiðisamfélagið í Sanary af 13 bátseigendum. Sumir eru sjálfir skipstjórar á eigin bátum, nokkrir eru komnir á eftirlaun og einstaka maður er sjálfur í áhöfn eigin báts.

Þessi tala hefur sveiflast með tímanum. Eftir síðari heimsstyrjöldina fór fjöldinn yfir 50, en lágmarki náði hún á 18. öld þegar stórabóla geisaði.



HÁTÍÐARFISKISÚPUPOTTURINN aer ekkert smásmíði. Væri ekki ráð að fá hann lánaðan á „Fiskidaginn mikla“?

Innflytjendur hafa haft mikil áhrif á samsetningu veiðimannasamfélaganna. Mikill meirihluti er nú af ítölskum uppruna sem kom fyrir um þremur kynslóðum og samlagast með tímanum. Upphaflega komu þeir til að vinna yfir vertíðir, en eins og gengur urðu margir þeirra ástfangnir af fallegu frönsku konunum, giftust og settust að. Börn þeirra urðu síðan veiðimenn og sagan haft sinn gang. Innflytjendur hafa einnig komið frá Túnis og Alsír og fluttu með sér veiðiaðferðir frá sínum heimalöndum.

Fiskitegundir

Saga fiskveiða í Miðjarðarhafinu einkennist af miklum fjölda tegunda. Atvinnumenn veiða yfir 80 tegundir af fiski af öllum stærðum og gerðum. Meðal vinsælla tegunda eru kólguflökkur (sea bream), smokkfiskur (cuttle fish), hafáll (conger eel), röndungar (mullet), skötuselur, lúsingur og karfi ásamt nokkrum tegundum flatfiska. Sumar tegundanna eru staðbundnar en aðrar vertíðabundnar.

Verndarráðstafanir á Sanary svæðinu

Verndarráðstafanir eru sumar hverjar lögbundnar, en aðrar eru í samræmi við þær síðvenjur sem hugmyndafræði Veiðimannaráðsins byggir á. Ráðið leitast t.d. við að dreifa veiðunum um allt svæðið til að forðast átök sem stafa af „kapphlaupi um fiskinn“. Þannig

dreifist hlutdeildin innan tiltölulega einsleits smábátaflota.

Kerfið byggir á öflugri upplýsingaflæði milli veiðimanna. Það gerir að verkum að hægt er að bregðast skjótt við, sé einsúnt að einhver sameiginleg áhætta sé yfirvofandi varðandi einhvern eða einhverja fiskistofna, eða verðfalls á markaði.

Verndun einstakra tegunda

Verndun tegundanna er tryggð með því að veiðarfæri (og þar með aflamagn) er takmarkað. Hvatt til fjölbreytni við veiðarnar.

Fyrir tiltekna tegundir eins og humar eru ákveðnar ráðstafanir til viðbótar:

- Leyfileg veiðarfæri eru skráð. Stærri veiðitæki, s.s. troll og öll dregin veiðarfæri eru bönnuð. Nætur hafa ekki verið notaðar til langs tíma og sjást varla lengur.
- Leyfilegur aflur er takmarkaður það mikið að hann hindrar þróun sérhæfðra og afkastamikilla veiðitækja. Á hinn bóginn er hvatt til fjölbreyttrar veiðitækni. Aflamark er takmarkað á hvern bát, þar sem miðað er við fjölda neta, fjölda línustokka og/eða fjölda króka.
- Ungfiskur er verndaður með möskva- og öngulstærð.
- Legutími veiðarfæra er takmarkaður.
- Hrygningarsvæði karfa, humars og rækju eru vernduð.
- Tímabundnar lokanir á strandsvæðunum til að hvíla hafsbötninn.

Ef sýnt þykir að fiskistofn/stofnar fara minnkandi eru tímabundnar lokanir umsvifalaust settar í framkvæmd, annað hvort varðandi tiltekna tegundir eða veiðisvæði.

Verndun vatns og umhverfismál

Þegar upp koma mengunarvandamál er viðkomandi svæði/um lokað umsvifalaust. Allt er gert til að vernda veiðisvæðin sem í leiðinni tryggir þau til handa komandi kynslóðum.

Veiðimannaráðin skuldbinda sig til ýmissa sértækra aðgerða svo sem við mannvirkja-



Michèle Mesmain og **Elisabeth Tempier** eru franskar og hafa lengi starfað fyrir Slow Food í Evrópu. Þær hafa sérstaklega rannsakað sögulega þýðingu strandveiða í Frakklandi eins og þessi grein ber með sér.





SÍÐEGISSTEMMING við höfnina í Sanary. Þarna býr allt í sátt, veitingastaðir, trillukarlar og hvaðeina

gerð varðandi vatnsvernd, endurheimt eðlilegs vatnsflæðis, hönnun varðandi skólphreinsun og lagnir í sjó fram. Í samvinnu við félagasamtök og verkalýðsfélög hafa þau tekið þátt í málaferlum gagnvart fyrirtækjum varðandi dælingu sets í tjarnir og þá sjá þau um samningaviðræður og samninga við hafnaryfirvöld.

Fjölbreytni í flotanum og sanngjarnar reglur fyrir alla

Helstu viðmiðunarreglur sem stuðst er við eru eftirfarandi:

- Þegar veiðimenn með samskonar veiðarfæri keppa um tiltekin veiðisvæði er skorið úr með útdrætti þar sem atvinnumenn hafa forgang.
- Lagning veiðarfæra skal vera hornrétt frá strönd til að forðast að trufla önnur veiðisvæði og veiðimenn.
- Veiðarfærin skulu auðkennd með nafni bátsins sem þau tilheyra.
- Fyrirferðaminnstu veiðarfærin hafa forgang.
- Ákveðin fjarlægð skal vera milli veiðarfæra.

Vernd gegn fjárhagslegum hættum

Til þess að tryggja stöðugleika á fiskmarkaðnum er Veiðimannaráðnum heimilt að grípa inn í þegar hætta er á að mikill afli valdi verðhruni. Formaðurinn getur t.d. stöðvað veiðar þar til verðið er aftur orðið viðunandi. Þá getur hann, í þeim tilfellum þar sem margar tegundir veiðast sem eingöngu eru notaðar t.d. í fiskisúpur, gert mönnum að leggja sig eftir öðrum tegundum.

Þessar heimildir rekja rætur sínar í ævafornar hefðir þar sem Veiðimannanefndirnar taka ábyrgð á markaðssetningunni, bæði varðandi uppboð og sameiginlegar sölur.

Félagsleg vernd

Veiðimannaráðin fylgjast með og hafa afskipti af aðstæðum einstakra félagsmanna. Þannig aðstoða þau sem yngri eru, þá sem eru komnir á eftirlaun, ekkjur fiskimanna og féлага sem glíma við allskyns heilsufarsleg eða efnahagsleg vandamál. Einnig aðstoða þau einstaklinga í glímu við opinbera stjórnýslukerfið. Stuðningur getur verið í formi fjármögnunar, aðstoð við stjórnun eða jafnvel stofnanalegs eðlis. Sum Veiðimannaráðin hafa tekjur

af leigu, samfélagslegri aðstoð eða bótum úr sögulega tengdum sjóðum sem urðu til við iðnvæðingu fiskveiðanna. Þeim sjóðum stjórna þeir eins og um verðbréfasjóði sé að ræða.

Veiðarfæri

Eftirfarandi veiðarfæri eru heimil:

- Fiskinet og „trammel“ net (slík net eru þriggja laga – þ.e. fínriðið net er eins og álegg í samloku þar sem hin tvö netin eru með stærri möskva og slaka – innsk. þýðanda).
- Lína (bæði flotlína og botnlína).
- Dregnar línur og reklínur.
- Gildirur.
- Hefðbundin veiðarfæri s.s. leiðigildirur.

Öll önnur veiðarfæri eru bönnuð, sérstaklega togveiðarfæri.

Saga Veiðimannaráðanna við Miðjarðarhafið

Það var á Ancien stjórnunartímabilinu (einvaldstímabil aðalsins, oftast talið eiga upphaf sitt á 15. öld) sem Veiðimannaráðin tilkynntu öllum konungum Frakklands réttindin sem þeir töldu sig hafa. Þetta gerðu þeir með útgáfu einkaleyfisbréfa. Þetta var þeirra aðferð til að berjast gegn forréttindum aðalsins og kirkjunnar ásamt því að ráðin höfðu áhyggjur af innflytjendum og notkun og eða bönn tiltekinn veiðiaðferða. Á skjallasafninu í Marseille er til slíkt einkaleyfisbréf frá tíundu öld.

Í frönsku byltingunni var þetta fyrirkomulag afnumið, rétt eins og flest önnur á þeim tíma. Veiðimannaráðin frá Cassis og Marseille fóru því til Parísar, en þar unnu þau á sitt band formann stjórnlagabingsins og fengu í framhaldi viðurkenningu hins lýðræðislega hlutverks sem ráðin gegndu. Þingið ákvað að viðhalda þessu kerfi og skipaði öllum þeim höfnum sem ekki voru með Veiðimannaráð að stofna til þeirra. Árin þar á eftir urðu flest Veiðimannaráðin til.

Í tíð Napoleons III var skrifað regluverk um allar fiskveiðar í sjó og þar voru reglurnar um Miðjarðarhafið byggðar á gildum Veiðimannaráðanna. Þar með var með lögum búið að staðfesta hlutverk þeirra og ábyrgð varðandi mótun

staðbundinna reglna um t.d. gerðir veiðarfæra. Þessari tilskipun frá 18. nóvember 1859 hefur verið breytt nokkrum sinnum, en lögbundið hlutverk Veiðimannaráðanna stendur enn í textanum.

Tilvist Veiðimannaráðanna tafði án vafa fyrir iðnvæðingunni í sjávarútvegi um þar síðustu aldamót. Fiskimannasamfélögin kusu að þróa takmarkaðar og fjölbreyttar vörur fyrir sterkan og staðbundinn heimamarkað, fremur en að selja mikið magn á lægra verði.

Af ýmsum ástæðum, t.d. komu erlendra sjómanna sem beittu afkastameiri veiðitækjum, stofnun rannsóknastofnunar sem uppgötvaði vannýttar fisktegundir og tilurð mikils markaðs fyrir niðursoðnar afurðir, hóf ríkið ferli iðnvæðingar um 1960. Í andstöðu við Veiðimannaráðin var bann við náttlömpum afnumið sem og notkun hringnótar og sjálflýsandi beitum til veiða á smávöxnum djúpsjávartegundum.

Núverandi ástand

Í dag halda Veiðimannaráðin áfram að hafa áhrif á svæðinu, aðskilin frá sínum yfirboðara, sjávarútvegsráðuneytinu. Þau hafa úrslitaáhrif á þætti eins og fjölda veiðimanna og takmörkun veiðarfæra þar sem þröng er á þingi, hlutfall stærri skipa (togara og nótaskipa). Þau hafa víðar áhrif, t.d. varðandi þróun í ferðaþjónustu, iðnaði og byggðastefnu á ströndinni.

Hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins hefur verið hrint í framkvæmd. Hún einkennist af hvatningu til aukinnar framleiðni sem og að vera mörkuð af áróðri umhverfis-samtaka. Veiðimannaráðin hafa átt undir högg að sækja með að verja réttindi sín og framtíð smábátaveiðanna, bæði á hinum sameiginlega evrópska vettvangi og heima fyrir.

Engu að síður reyna Veiðimannaráðin „prud’homies“ að vera ætíð til staðar á hinum svæðisbundna vettvangi og hvar sem samráð eða samvinna fer fram um stjórnun strandveiðanna og þar með framtíð smábátaútgerðarinnar á Miðjarðarhafsströnd Frakklands.



Artysanal®

smábátamerkið – komið til að vera

Bruno Correard hefur frá upphafi leitt starfið við sköpun hins alþjóðlega merkis fyrir smábátaútgerðina, Artysanal®. Hann er framkvæmdastjóri þess. Í nóvember 2013 urðu þau þáttaskil að merkið var opinberlega skráð og nú þegar hefur ein sending af íslensku sjávarfangi verið flutt út undir merkinu. Framleiðendur afurða frá smábátaútgerð í nokkrum löndum hafa nú þegar lýst áhuga á samvinnu.

Það var fyrirtækið Elixir í Frakklandi sem reið á vaðið og hélt fyrir skömmu kynningarviku innan fyrirtækisins undir merkjum sjálfbærra fiskveiða. Framkvæmdin tókst með ágætum og Elixir hefur óskað eftir framhaldi. Önnur fyrirtæki í Evrópu, stór og smá, hafa sýnt málinu mikinn áhuga.

Bruno hefur margsinnis komið til Íslands og er einlægur aðdáandi íslensks sjávarútvegs en þó sérstaklega íslenskrar smábátaútgerðar.

Hann sendi fyrir nokkru textann hér fyrir neðan og óskaði eftir því að hann birtist á þessum vettvangi.

Kærar þakkir!

Uppruni minn er í fjallahéruðunum á landamærum Frakklands og Sviss. Þegar ég var ungur voru einu sjávarlífverurnar sem ég komst í tæri við steingervingar í klettunum sem ég skemmti mér við að klifra í. Ég vissi afskaplega lítið um hafið á þessum árum.

En það er sagt að allar leiðir liggja til Rómar. Alger tilviljun fyrir um 15 árum leiddi til þess að ég uppgötvaði hina „hljóðlátu veröldina“. Veröld sem ég tók umsvifalaust ástfóstri við og fann þar sömu gildin og meðal fjallafólksins. Þolinmæði, hugrekki, sannfæringu, virðingu og þrautseigju.

Að vera nýliði getur stundum gefið þér meiri trúverðugleika í nýju starfi, því sem slíkur greinir þú hlutina oft án fordóma og fyrirfram gefinna



FÆRAVINDUR

TRAUST
HAGKVÆMNI
AFKÖST
ENDING



DNG

Slippurinn Akureyri ehf.

Naustatanga 2, 600 Akureyri, ICELAND

Tel: +354 460 2900 dng@dng.is

Fax: +354 460 2901 www.dng.is

niðurstaðna. Þegar ég sannfærðist um að ábyrgasta leiðin til fiskveiðistjórnunar væri í gegnum smábáta- frumbyggja- og strandveiðar, vissi ég að það væri skylda mín að láta alla vita.

Fyrir 10 árum vissi ég ekki hvar og hvernig ég ætti að byrja. Sem betur fer hitti ég fyrir það áhugasamasta, hæfileikaríkasta og áreiðanlegasta fólk sem völ var á. Meðal þeirra var „stóri strákurinn“, Arthur, sem við kölluðum víkinginn í liðinu. En auðvitað hefði þetta aldrei tekist nema vegna þess að við nutum hvatningar, stuðnings og samvinnu fjölmargra aðila.

Þrátt fyrir allt mótlætið og oftast með rokið í fangið, náðum við að halda striki og komast á áfangastað. Ég vil þakka öllum sem hjálpuðust að svo að ferðin myndi eiga farsælan endi. Ég vil þó sérstaklega þakka Landssambandi smábátaeigenda, íslenskum smábátaeigendum



BRUNO CORREARD as með það „besta sem hann fær“ þorsk úr íslenskum sjó

og þeim framleiðslufyrirtækjum sem hafa komið að málinu, ásamt öllum öðrum sem greiddu götuna.

Tilkoma Artysanal® merkisins er ævintýri og það er okkar. Hvað mig snertir, þá er það mitt Mont Blanc. Merci à tous.

Bruno Correard

Til að fræðast um alþjóða smábátamerkið:

www.artysanal.org

<https://twitter.com/Artysanal>

<https://www.facebook.com/pages/Artysanal/232754320248779>

Flokkun þorsks

Smábátæigendur eru vel meðvitaðir um hversu mismunandi verð getur verið á fiski, eftir stærð. Þumalputtareglan til langs tíma var sú að því stærri sem t.d. þorskurinn var, því hærra var verðið. Þetta hefur breyst mikið og nú er stærsti þorskurinn oft lakari söluvara en annar. Helsti áhrifavaldurinn er sú breyting í útflutningi afurða að fersk flök seljast á verði sem tekið hefur framúr dýrasta saltfiskinum sem var undantekningalítið, eða –laust, dýrasti þorskurinn í útflutningi.

Á vef Reiknistofu fiskmarkaða er að finna töflu yfir þá stærðarflokkun sem selt er eftir. Taflan er í kílóum og flokkarnir sex á síðunni, en þar eru ekki taldir til flokkarnir undirmál og 8+. Þeir síðastnefndu vefjast fyrir fæstum en það eru hinir sem í milli eru sem gera það oft á tíðum.

Nú er það frekar sjaldgæft að menn hafi vigtar um borð og því gerist það óþarflega oft að flokkunin verði ónákvæmari en ella, sem getur hæglega komið niður á fiskverði.

Mun þægilegri viðmiðun fyrir smábátæigendur er lengd, hana má marka á þægilegan og aðgengilegan máta um borð. Þetta getur verið með ýmsum hætti. Á gömlu trébátunum var gjarnan rist í borðstokkinn fyrir undirmálinu og á sama hátt er hægt að merkja með nánast hverju sem er. Einu takmörkin er hugmyndaflug hvers og eins. Þeir eru þó nokkrir sem eru með stærðarflokkana á hreinu, en þeir eru mun fleiri sem hafa það ekki.

Nú er það þekkt að fiskur af sömu lengd er misjafnlega þungur eftir landsvæðum og árstíma. Slóghlutfall yfir vetrarvertíðina er langt yfir ársmeðaltali og fiskur sem hefur gott aðgengi að æti er feitari en meðbræður hans sem hafa það jafnvel skítt. Vikmörkin breyta þó ekki því að vel er hægt að koma sér upp viðmiðunum sem duga í langflestum tilfellum.

Eftir því var leitað við Hafrannsóknastofnun að fá þessar upplýsingar. Var brugðist skjótt og vel við og er það hér með þakkað. Upplýsingarnar eru mælingar úr handfæraafli af öllum svæðum árin 2010-2013. Taflan sýnir því meðallengdir fyrir allt landið. Munurinn á milli svæða er ekki mikill og taflan vel nothæf hvar sem er.

Þorskur: Tafla yfir þyngd og lengd

Þyngd	Lengd
Undirmál	50 cm
1,3 – 1,7 kg	52 - 56 cm
1,7 – 2,0 kg	57 - 60 cm
2,0 – 2,7 kg	61 - 66 cm
2,7 – 3,5 kg	67 - 72 cm
3,5 – 5,0 kg	72 - 82 cm
5,0 – 8,0 kg	83 - 96 cm
8,0+ kg	97+ cm



Minning

Á innan við tveimur mánuðum hafa örlögin hagað því svo til, að tveir af helstu forystumönnum smábáta- og strandveiðimanna í hinu alþjóðlega starfi eru látnir. Þau eru Thomas Kocherry og Chandrika Sharma, bæði frá Indlandi.

Hinn 8. mars sl. barst sú frétt um heiminn frá Asíu að farþegaflugvél frá Malaysian Airlines á leið frá Kuala Lumpur til Beijing hefði horfið af ratsjám um klukkustund eftir að hún lagði upp í ferðina. Enn hefur ekkert fundist af vélinni, en talið er víst að hún hafi hrapað í Suður-Indlandshaf.

Einn hinna 239 farþega var Chandrika Sharma, 51 árs, frá Chennai á Indlandi. Hún var aðalritari ICSF (International Collective in Support of Fishworkers) sem eru frjáls alþjóðleg félagasamtök sem vinna sérstaklega að réttindum kvenna í fiskvinnslu og -veiðum.

Ég kynntist Chanriku 1997 við stofnun Alþjóðasamtaka strandveiðimanna í Nýju Dehli á Indlandi. Okkur varð strax vel til vana og ég var fljótur að sjá að þar færi óvanalega sterkur persónuleiki, manneskja sem vissi hvað hún vildi og myndi ekki sætta sig við neinar málamiðlanir þegar mannréttindi hennar skjólstæðinga væru annars vegar. Chandrika var fluggreind, ósérhlífin og strangheiðarleg. Hún trúði því einlæglega að samstarf væri lykillinn að árangri og var þar sannarlega í fremstu sveit. Hina örlagaríku ferð til Beijing fór hún í til að sækja ráðstefnu á vegum FAO um reglur sem hafa þar verið í smíðum varðandi sjálfbærar veiðar smábáta og frumbyggja.

Það var á slíkum fundi í Róm í byrjun febrúar sem ég hitti Chandriku síðast. Í spjalli samdi ég við hana að skrifa grein hér í Brimfaxa um þessar reglur og mikilvægi þeirra fyrir smábátaútgerðina í heiminum.

Minn 3. maí sl. lést í Kerala á Indlandi Thomas Kocherry, fyrsti formaður Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks. Hann var 74 ára, banamein hans var hjartaáfall. Thomas var kápólsku prestur og lögfræðingur að mennt. Hann gerðist ungur aðgerðasinni varð-



CHANDRIKA SHARMA



THOMAS KOCHERRY

andi mannréttindi þeirra sem minna mega sín og helgaði allt sitt líf þessari baráttu. Thomas lét ekkert stoppa sig: yfirvöld á Indlandi og víðar gerðu þó sitt besta, t.d. sat hann 16 sinnum í fangelsi vegna mótmæla og borgaralegrar óhlýðni og fór í ótal föstur til að þrýsta á stjórnvöld. Hann var heiðraður margsinns, en lét sér fátt um finnast. Þannig hafnaði hann stórum verðlaunum frá Pew Foundation vegna þess hverjir tengdust sjóðnum.

Thomasi kynntist ég við stofnun Alþjóðasamtakanna og fyrst um sinn fór vel á með okkur, en svo hljóp í kekki. Við deildum oft hart, svo mjög að fyrir kom að fólk hljóp af fundum, hreinlega skelkað vegna látanna. Við komumst yfir þessa misklíð og hin síðari ár vinguðumst við og áttum skemmtileg og góð samskipti. Thomas varð heilsuveill fyrir fáeinum árum og áður en yfir lauk var hann búinn að reyna ýmislegt. Hann var sá einstaklingur sem ég hef kynnst sem fyllti algerlega út í lýsinguna „að halda eldmessu“. Rómur hans var svo sterkur að ég kann á því enga samlíkingu.

Ég kveð þessa vini mína með trega og þakklæti. Strandveiðimönnum veitir sannarlega ekki af þeim sem leggja allt í sölurnar fyrir sjálfsögð réttindi þeirra og rétt til mannsæmandi lífs. Máltækið segir að maður komi í manns stað. Sá sem smíðaði þetta máltæki kynntist hvorugu þeirra, Chandriku eða Thomasi.

En minning þeirra mun lifa.

Arthur Bogason

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins



Aðildafélög Landssambands smábátæigenda senda kveðjur í tilefni Sjómannadags

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Smábátafélagið Strandir
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra

Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Farslæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði
Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi





“Tækið skiptir sköpum við makrílveiðarnar. Ég nota það líka á línunni til að horfa í kantana”

Unnsteinn Þráinsson
skipstjóri á
Sigga Bessa SF 97

CH-300

Sónar fyrir minni skip og báta. 10,4” LCD Furuno flatskjár eða “black box” útgáfa. Tækið er tveggja tíðna og hægt er að velja 60 og 153kHz annars vegar og hins vegar 85 og 215kHz og er drægið allt að 1600m. Margskonar framsetning á skjá, hringmynd, sneiðmynd, dýptarmælismynd o.fl. Tengist GPS áttavitunum frá Furuno til veltustýringar en einnig er fánleg rafdrifin veltustýring.



Tækið hefur dýptarmæli sem skannar út til hliðanna líkt og stór fjölgeislamælir og er það sérlega hentugt til að greina botnlag og botnhörku, sem hentar mjög vel við hversskonar veiðiskap. Þá er hægt að hafa tvær myndir samtímis á skjánum, aðra þar sem sést allt í kringum skipið og hina þar sem skannað er út til hliðanna. Þannig er þetta í senn fiskileitartæki og botngreiningartæki.

Tækið hefur sannað sig sem öflugt fiskileitartæki við allan veiðiskap. Við makrílveiðar (og er þá hærri tíðnin notuð (150kHz)) eru dæmi um að menn hafi séð torfur í allt að 400m fjarlægð.

Brimrún


Reykjavík - Sími 5 250 250 - Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

Grundarfirði
Sími 436 6611

WATT

Vestmannaeyjum
Sími 481 2926



Til hamingju með
daginn sjómenn!